

# LÖGMANNABLAÐIÐ

16. árgangur | júní | 2/2010




Purfum að spyrna við fótum.

Viðtal við nýkjörinn formann LMFÍ.



Félagsmönnum fjölgar



Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis: Þurfa lögmenn að líta í eigin barm?



Lögmannafélag  
Íslands

## Af vettvangi félagsins

Borgar Þór Einarsson: Frá ritstjóra	4
Formannskosning í fyrsta skipti í 16 ár	6
Viðtal við Brynjar Níelsson: Þurfum að spyrna við fótum	8
Eyrún Ingadóttir: Fréttir frá félagsdeild	21
Brynjar Níelsson: Pistill formanns	25
Viðtal við Ingimar Ingason: Flutti erindi á IBA-fundi	29
Enn fjölgar félagsmönnum í LMFÍ	30

## Umfjöllun

Ingvi Snær Einarsson: Losaralegt verklag lögmanns aðfinnsluvert	7
Hlutfall kvenna lækkar enn á hdl. námskeiði	7
Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis: Þurfa lögmennt að líta í eigin barm?	26

## Lagadagurinn 2010

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis: Hvað tekur við?	12
Svala Ísfeld Ólafsdóttir: Glæpur og refsing	13
Nauðasamningar	14
Bryndís Hlöðversdóttir: Réttarríkið á skritnum tímum	15
Stefán A. Svensson: Framtíðarskipan fjármálafyrirtækja	16
Eggert Óskarsson: Með barnið í brennidepli	17
Sjálfstæði lögmannna, réttindi og skyldur	18

## Aðsent efni

Nemendur lagadeildar HR þjálfaðir í tæknivæddum dómsal	11
Þyrí H. Steingrímsdóttir: Mikil þörf fyrir Félag kvenna í lögmenntsku (FKL)	22

## Á léttum nótum

Úr myndasafni: Bókasafn Lögmannafélagsins formlega opnað	11
Lagadagur að kvöldi	19
Af Merði lögmanni	20
Leiðrétting um minnisvarða LMFÍ um Hafliða Másson	24

Lögmannafélag Íslands  
Álftamyri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:  
Borgar Þór Einarsson hdl.

RITSTJÓRN:  
Ingvi Snær Einarsson hdl.  
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.

BLAÐAMAÐUR:  
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:  
Brynjar Níelsson hdl., formaður  
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl,  
varaformaður  
Jónas Þór Guðmundsson hdl, ritari  
Ólafur Eiríksson hdl., gjaldkeri  
Hörður Felix Harðarson hdl.,  
meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:  
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.  
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.  
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:  
Myndin er tekin á sameiginlegri  
málstofu Lagadagsins 2010 sem  
haldinn var 30. apríl. F.v. Páll Hreinsson,  
Salvör Nordal, Ólafur Þ. Harðarson og  
Helgi I. Jónsson. Ljósmyndari: Hreinn  
Hreinsson.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn  
kr. 2000,- + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:  
[ritstjori@lmfi.is](mailto:ritstjori@lmfi.is)

PRENTVINNSLA:  
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Óflun ehf.  
Sími 533 4440.  
ISSN 1670-2689

Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

# Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



**Allianz**   
– tryggir þína peninga



Borgar Þór Einarsson hdl.

## Hústaka á bjargi

Biblúsögurnar sem maður las sem barn höfðu þann góða kost að í þeim voru línur lagðar með skýrum hætti. Ekkert fór á milli mála um samhengi þess að breyta rétt og auðnast vel. Á síðustu vikum og mánuðum hefur ein dæmisaga komið mjög sterkt upp í hugann. Það er sagan um mennina tvo sem byggðu sitt húsið hvor við ána.

Annar mannanna fór auðveldu leiðina, byggði húsið á sandeyri við ána, þangað sem auðvelt var að koma byggingarefninu. Hinn valdi húsi sínu stað á bjargi nokkru ofar en þangað þurfti að rogast með steina, timbur og annað sem nauðsynlegt var til að reisa húsið. Húsbygging þess fyrrnefnda gekk að vonum mun fljótar fyrir sig og fyrr en varði var hús hans risið. Bygging hússins á bjarginu gekk hægar fyrir sig en eftir mikið erfiði reis þar einnig hús.

Lyktir þessarar sögu þekkja flestir. Nótt eina kom mikið hamfarahlaup í ána og sópaði burt húsinu á sandinum en heimilismenn komust af við illan leik. Húsið á bjarginu stóðst áhlaupið og þar var hægt skjóta skjólshúsi tímabundið yfir þá sem misst höfðu allt sitt í flóðinu. Börn jafnt sem fullorðnir hafa átt auðvelt með að skilja skilaboð sögunnar; það borgar sig að hafa traustar undirstöður, jafnvel þótt það kosti meira erfiði. Á sandi byggði heimskur maður hús, en á bjargi byggði hygginn maður hús.

Á sama hátt og mennirnir tveir í þessari dæmisögu voru Íslendingar misjafnlega vel undir efnahagshrunið í október 2008 búnir. Margir höfðu kosið auðveldu leiðina í von um að skjótfenginn og auðveldan gróða. Aðrir kusu að fara að öllu með gát. Átti þetta jafnt við um fyrirtæki sem einstaklinga.

Frá hruninu hafa hinir síðarnefndu í raun skotið skjólshúsi yfir hina. Þeir sem standa í skilum eru með því að fjármagna afskriftir annarra. Þeir sem borga nú aukinn tekjuskatt fjármagna aðstoð ríkisins við þá sem orðið hafa illa úti. Þannig hafa þeir sem byggðu húsið á bjargi skotið skjólshúsi yfir þá sem byggðu á sandi.

En á Íslandi virðist dæmisagan ætla að taka óvæntan endi. Margt bendir nú til þess að þeir sem byggðu hús á bjargi þurfi að yfirgefa heimili sitt svo að íbúar hússins sem skolaði burt í flóðinu komist þar fyrir með sæmilegum hætti. Með því væri þá búið að klippa á samhengi þess að breyta rétt og að auðnast vel – og í raun snúa því við. Er þá illa fyrir okkur komið.

### Athugasemd

#### Þólitísk ritstjóra grein Lögmannablaðsins í 1. tölublaði 2010

Ég get ekki orða bundist yfir ritstjóra grein Borgars Þórs Einarssonar. Ritstjórinn birtir þar pólitískar skoðanir sínar, sem ég vænti að lögmenn séu mér sammála um að ekki eigi heima í blaðinu.

*Vilhjálmur Þórhallsson, hrl.*

### Athugasemd frá ritstjóra:

Í ritstjórnarpistlinum sem vitnað er til var engin afstaða tekin til þess hvort Ísland eigi að vera aðili að Evrópusambandinu eða ekki. Hvort pólitísk afstaða felist í því að gagnrýna að takmörkuðum kröftum ríkisvaldsins skuli varið í umsókn að sambandinu á sama tíma og grunnþættir réttarríkisins eru í hálfgerðu fjársveldi skal öðrum látið eftir að dæma.

# Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar,  
Dóm- og skýrslutökutúlkun.

*Ellen Ingvadóttir*

Löggiltur dóm túlkur og skjalapýðandi.

Brautarholti 28 • 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)

**RÝMI**

- fyrir alla muni

Það sparast pláss og tími  
með lausnum frá Rými

Rými býður óteljandi  
lausnir fyrir skrifstofurýmið

- Skjalaskápar
- Teikningaskápar
- Starfsmannaskápar
- Geymsluhillur



*Hafið samband við ráðgjafa okkar  
Ráðgjöf - Lausnir - Þjónusta*

Rými - Ofnasmiðja  
Skemmuvegur 6 Kópavogur  
Sími : 511-1100  
[www.rymi.is](http://www.rymi.is)



**Sigríður Einarsdóttir**  
Útibússtjóri Ármúla

Viltu gerast viðskiptavinur  
**elsta starfandi** banka á Íslandi?  
Við sjáum um það fyrir þig.

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg  
vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.

**Þannig á banki að vera.**

- Debetkort
- Launareikningur
- Kreditkort
- Netbanki
- Netgreiðsluþjónusta
- Gjaldeyrisreikningar
- Sparnaðarreikningar
- Yfirdráttur

 **BANKI**

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | [www.mp.is](http://www.mp.is)



# Formannskosning í fyrsta skipti í 16 ár

**Aðalfundur LMFÍ 12. maí 2010 síðastliðinn var fjölmennur sem var skemmtileg tilbreying frá fundum undanfarinna ára. Ástæðan er formannskosning sem félagar stóðu frammi fyrir í fyrsta skipti síðan árið 1994.**

## Skýrsla stjórnar

Þar sem Lárentínus Kristjánsson hrl., formaður, forfallaðist flutti Hildur Friðleifsdóttir hdl., varaformaður, skýrslu stjórnar. Á árinu hélt stjórnin 14 fundi og á þeim voru 272 dagskrárliðir bókaðir. Hildur taldi að næsta stjórn þyrfti að skoða hvernig hún gæti gert starf stjórnar meira sýnilegt en einungis með umfjöllun í Lögmannablaðinu.

Hildur greindi enn fremur frá samstarfi LMFÍ við lögmannafélög erlendis og mikilvægi þess að fá aðstoð að utan í tengslum við hugsanlegt afnám trúnaðarskyldu lögmannna við umbjóðendur sína. Að lokum tók hún fram að innan félagsdeildar hefði verið unnið mjög gott starf og nefndi sem dæmi námskeiðahald og skipulag lagadags sem hefði heppnast mjög vel.

## Lækkun árgjalds

Ársreikningar og ársskýrsla var send félagsmönnum fyrir fundinn en í ræðu Ingimars Ingasonar, framkvæmdastjóra LMFÍ, kom fram að afkoma félagsins og félagsdeildar af starfsemi síðasta árs hefði verið ágæt. Afkoma lögbundna hlutans var jákvæð um rúmar 6,9 milljónir króna og félagsdeildar um rúmar 1.6 milljónir króna. Ingimar sagði afkomu félagsins af reglulegri starfsemi og félagsdeild viðunandi og það væri fjárhagslega öflugt. Hildur Friðleifsdóttir kynnti tillögu stjórnar að lækka árgjaldið í 42.000 krónur og var það samþykkt samhljóða.

## Stjórnarkosning

Tveir buðu sig fram til formanns, þeir Heimir Örn Herbertsson hrl. og Brynjar Nielsson hrl. Á kjörskrá voru 840, en af þeim kusu 236. Heimir Örn Herbertsson hrl. fékk 59 atkvæði og Brynjar Nielsson hrl. fékk 176 atkvæði. Einn seðill var auður/ógildur. Fundarstjóri lýsti því Brynjar réttkjörinn formann félagsins.

Tveir nýir stjórnarmenn voru sjálfkjörnir, þeir Jónas Þór Guðmundsson hrl., og Ólafur Eiríksson hrl., en Hörður Felix Harðarson hrl. og Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl. sátu áfram í stjórn. Í varastjórn voru sjálfkjörin þau Óskar Sigurðsson hrl., Borgar Þór Einarsson hdl., og Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Brynjar Nielsson hrl., nýkjörinn formaður, kvaddi sér hljóðs og þakkaði félagsmönnum traustið. Brynjar sagði að það hefði ekki verið ágreiningur á milli hans og Heimis Arnar sem hefði leitt hann út í formannsframboð heldur væri ætlun hans að stuðla að öflugu félagi sem stæði vörð um réttarríkið á Íslandi þó það kunnist að vera í andstöðu við tíðarandann.

## Önnur mál

Lára V. Júlíusdóttir hrl. kvaddi sér hljóðs og ræddi um minnismarkið á Breiðabólstað í Vesturhópi sem reist var af félaginu 1974. Hvatti Lára næstu stjórn til að lagfæra minnismarkið sem væri í niðurníðslu.

# Losaralegt verklag lögmanns aðfinnsluvert

Í máli nr. 12/2007 komst úrskurðarnefnd lögmannna meðal annars að þeirri niðurstöðu að lögmaður hefði með losaralegu verklagi sínu vanrækt starfskyldur sínar og brotið gegn 12. gr. siðareglna lögmannna.

Málsatvik voru á þá lund að kær- endur leituðu til lögmannsins vegna ágreinings um endurnýjun og lagningu skólplagna sem hafði komið upp í fjöleignarhúsi þeirra. Kærendur fólu lögmanninum að leita réttar síns fyrir dómi og fengu þær upplýsingar hjá honum að málið yrði tekið fyrir í maí 2006. Erfitt var að ná sambandi við lögmanninn á þessum tíma og eftir að kærendur höfðu selt íbúð sína í fjöl- eignarhúsinu, þar sem hluti kaupverðs var bundinn við niðurstöðu dóms- málsins, leituðu þeir upplýsinga um málið hjá viðkomandi héraðsdómi. Kom þá í ljós að málið hafði aldrei verið þingfest og leituðu kærendur í kjölfarið skýringa af hálfu lögmannsins auk þess sem honum var gefinn lokafrestur til að útskýra málið og ljúka starfinu. Töldu kærendur skýringar lögmannsins ófullnægjandi og að hann hefði sýnt af sér afgang í starfi, vanefnt skyldur sínar


og viðhaft ósannsóglu.

Lögmaðurinn sendi úrskurðarnefndinni skýringar sínar og taldi að m.a. að hann hefði talið að hægt hefði verið að ganga frá sátt milli aðila og í því skyni hafi hann ákveðið að falla frá þing- festingu dómsmálsins. Umrædd sátt hafi hins vegar ekki komist á en hann hefði í framhaldinu talið að þær framkvæmdir sem málið snérist um væru ekki lengur umdeildar og hið eina sem út af stæði væri lögfræðikostnaður við málareksturinn. Þar sem lög- maðurinn hafði talið að hagsmunum kærenda væri borgið hefði hann ekki gert sérstakan reka í því að ljúka málinu.

Úrskurðarnefndin taldi gögn mál- sins bera það með sér að hinn kærði lögmaður hafi tekið að sér verkefni fyrir kærendur um miðjan nóvember 2005. Þrátt fyrir að einhver samskipti kærenda við lögmanninn hafi átt sér stað veturinn 2005-2006 hafi ekki mikið gerst í málinu. Hið eina sem lægi fyrir væru uppköst að réttarskjölum sem aldrei virtust hafa ratað til héraðsdóms

þrátt fyrir áform lögmannsins í þá veru. Að mati nefndarinnar hefði málið því ekki verið rekið áfram af þeirri kost- gæfni og með þeim hraða sem gera mátti kröfu um og hagsmunir kærenda kölluðu á. Nefndin taldi að svo virtist sem lögmaðurinn hefði hætt afskiptum af málinu án þess að séð verði að hann hafi tilkynnt kærendum verklok af sinni hálfu og gefið þeim þannig tækifæri til þess að gæta hagsmuna sinna með því að leita til annars lögmanns með málið. Hefði lögmaðurinn með þessu losara- lega verklagi sínu vanrækt starfskyldur sínar gagnvart kærendum og þannig brotið gegn 18. gr. lögmannalaga og 12. gr. siðareglna lögmannna.

*Ingví Snær Einarsson hdl. tók saman.*



## Hlutfall kvenna lækkar enn á hdl. námskeiði

Þann 21. apríl s.l. útskrifuðust 46 lögmannsefni af námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslög- maður. Af þessum fjölda voru 12 konur og 34 karlar. Til fróðleiks má geta þess að alls hafa nú 488 lögfræðingar lokið námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður á þeim ellefu árum sem þessi námskeið hafa verið við líði. Af þessum fjölda þátttakenda eru 292 karlar (59,8%) og 196 konur (40,2%). Athygli vekur að hlutfall kvenna sem sækja réttindanámskeiðin hefur farið lækkandi hin síðari ár.



Að loknu hdl.-námskeiði fer fram formleg útskrift lögmannsefna. Eva B. Sólan Hannes- dóttir tekur við skirteini úr hendi Þorsteins Davíðssonar, formanns prófnefndar.



## Þurfum að spyrna við fótum

Á aðalfundi LMFÍ í maí sl. var kosinn nýr formaður Lögmannafélags Íslands en þetta er í fyrsta skipti síðan árið 1994 sem kosning fer fram í félaginu. Hinn nýi formaður félagsins, Brynjar Níelsson, fékk 75% atkvæða en 236 félagar mættu á aðalfundinn sem er mikil breyting frá fyrri árum þar sem milli 15-30 manns hafa komið.

Brynjar, sem er Valsari úr Hlíðunum, hefur stafað sem lögmaður í tæplega 20 ár. Hann er kvæntur Arnfríði Einarsdóttur héraðsdómara og eiga þau tvo syni. Brynjar hefur tekið þátt í opinberri umræðu um árabíl og ritar pistla meðal annars á vefmiðlinum Pressunni. Lögmannablaðið tók hús á Brynjari og hann var spurður að því í upphafi af hverju hann bauð sig fram til formanns.

Mér hefur fundist undanfarin misseri bæði stjórnálamenn og fjölmiðlamenn, sem og margir aðrir, þjarma að réttarríkinu svo það hefur bagnað og gæti jafnvel brotnað. Ég tel mikilvægt að Lögmannafélagið verði meira

áberandi í vörn fyrir réttarríkið og geri sig meira gildandi við þessar aðstæður sem eru uppi núna.

### Þættirnir „Réttur er settur“ áhrifavaldar

*Af hverju fórst þú í laganám?*

Það er til einföld skýring á því. Ég hafði verið að hugsa um sagnfræði en eins og ungir menn á þessum tíma þá leit ég á praktísk atriði. Ég sá að lagadeildin byrjaði ekki fyrir en 1. október, þar voru engin jóla- eða miðsvetrarpróf og bara einhver þrjú próf að vori. Ungu manningnum þótti þetta henta sér mjög vel enda frekar latur á þessum árum. Þetta er nú ástæðan fyrir því að laganámið varð fyrir valinu. Að vísu hafði ég haft gaman af því að horfa á þættina „Réttur er settur“ sem voru vinsælir sjónvarpsþættir á þeim tíma sem Orator framleiddi í samstarfi við sjónvarpið. Það heillaði mig.

*Fórst þú strax í lögmennsku?*

Nei, ég byrjaði í læri hjá Ragnari Hall og Markúsi Sigurbjörnssyni í Skiptarétti Reykjavíkur sem var hluti af Borgar-

fógetaembættinu. Ég hætti þar eftir fimm ára starf, árið 1991, þegar embættið var breytt í Sýslumanninn í Reykjavík. Þá fór ég í lögmennsku og byrjaði í samstarfi með Ásgeiri Björnssyni. Árið 1993 varð ég svo sjálfstætt starfandi.

*Hefur þú verið einyrki síðan?*

Já, mér finnst það hentugt fyrirkomulag. Mennt deila einhverjum kostnaði en annað sem þú vinnur þér inn fer í þinn vasa. Hitt fyrirkomulagið getur valdið togstreitu og ég nenni ekki slíku. Geðslag mitt er bara þannig að ég nenni ekki að standa í stappi við nánasta umhverfi mitt.

### Sakamálin hafa aukist jafnt og þétt

*Hefur starfið breyst á þessum tíma?*

Eðli starfsins hefur ekki breyst mikið en verkefni hafa kannski breyst hin síðustu ár. Til dæmis var ég ekkert í sakamálum fyrstu árin, hafði enda ekkert komið nálægt þeim. Ég var mikið með skipti á dánar- og þrotabúum, enda kom ég úr skiptaréttinum, auk



þess að vera mikið með almennan málflutning og ráðgjöf. Síðan hafa sakamálin aukist jafnt og þétt og ætli þau séu ekki nálægt 75% af mínu starfi í dag. Svo hef ég náttúrulega talsvert verið við kennslustörf síðustu ár.

#### *Er vinnutími þinn langur?*

Það var meðvituð ákvörðun að hafa vinnutímamann ekki langan í byrjun á meðan við vorum að koma þessum tveimur ólátabelgjum sem við eigum á legg en þeir eru nú 21 árs og 19 ára. En frá 2002 hefur vinnutíminn verið lengri en góðu hófi gegnir, meira og minna um kvöld og helgar. Það þýðir ekkert að væla yfir því, svona er þetta bara.

#### *Er þetta fjölskylduvænt starfsumhverfi?*

Nei, enda er ég ekki dæmigerður fjölskyldufaðir sem vill fara með fjölskyldunni í útilegur - enda vill fjölskyldan kannski ekki mikið með mig hafa í slíku. Ég er bara dæmigerður lögmaður að þessu leytinu. Ég get til dæmis ekki gert neitt á heimilinu fyrir utan venjuleg heimilisstörf. Ég hugsa eiginlega bara um vinnuna, alla vega svona í seinni tíð, og er enginn fyrirmyndar heimilismaður.

#### *Hefur starfið tekið yfir?*

Já, það gerir það bara sjálfkrafa og maður fær ekki rönd við reist. Sérstaklega ef maður er ekki duglegur að segja nei en það hefur háð lögmanninum sem hér talar. Þetta á sennilega við um flesta lögmennt, og er kannski ekki stórmál þegar börnin eru uppkomin og konan þolir mann ekki. Þá er þetta nú allt í lagi.

### Konan í dómarsætinu

*Nú ert þú kvæntur dómara, eru hagsmunarárekstrar vegna þessa?*

Þeir geta orðið. Það gerist nú fyrst og fremst þegar einhver sakborningur hefur óskað eftir mér sem verjanda og þegar ég mæti í dóm þá situr eiginkonan í dómarsætinu. Þá verður iðulega þungur svipur því hún þarf að alltaf að víkja, ekki ég. Hún hefur því misst af mörgum áhugaverðum og skemmti-

legum málum vegna mín og það hefur ekki alltaf valdið mikilli gleði.

*Nú er eldri sonurinn byrjaður í lagamáli, ekki rétt?*

Já, hann var að ljúka fyrsta ári í lagadeild Háskóla Íslands. Það er ekki mjög frumlegt fólk í þessari fjölskyldu.

### Eigum að sýna aðgát

*Brynjar hefur verið áberandi í opinberri umræðu á Íslandi um árabil. Hann hefur skrifað pistla á vefmiðlinum Pressunni og meðal annars átt í ritdeilum við andstæðinga nektardansstaða. Það er því ekki úr vegi að spyrja hvort hann sé sérstakur talsmaður frjálsrar verslunar með konur og að kjóltudans sé viðurkenndur sem lögleg verslunarvara?*

Þetta er mjög gildishlaðin spurning. Mér er svo sem alveg sama um nektardansinn sem slíkan. Mín hugsun er bara sú að frjálsir og fullráða einstaklingar geti ákveðið hvað þeir geri. Nektardans er ekkert öðruvísi en annar dans nema að sá sem dansar er nakinn. Þetta er ekkert meiri verslunarvara með fólk heldur en fólk sem sýnir líkama sinn með öðrum hætti, í fegurðarsamkeppni eða hvað það er. Vandamálið er að nektardansinn hefur kynferðislega skírskotun og það er það sem vefst fyrir fólki. Það er bara af siðferðilegum ástæðum sem fólk er að vandræðast með nektardansinn og mönnum finnst í lagi að banna hann vegna þess. Þessi kynferðislega skírskotun truflar marga og ég skil það vel. Það eru útaf fyrir sig eðlileg viðbrögð í kristilegu samfélagi. Við erum hins vegar með mannréttinda-ákvæði sem segja að menn mega gera það sem þeir vilja nema almannahagsmunir krefjast þess að það sé bannað. Auðvitað eru engir almannahagsmunir sem krefjast þess heldur einungis siðferðilegir þó menn viðurkenni það ekki. Það er hins vegar bannað og refsivert að neyða fólk í vinnu við þetta eins og aðra vinnu, öll nauðung í kringum störf er bönnuð. Menn geta ekki réttlætt bann vegna þess að einhver hefur verið neyddur til

að dansa nakinn. Ekkert frekar en að banna öll veitingahús eða vinnu í verksmiðju vegna þess að einhver einhvers staðar úti í heima hafi verið neyddur til að vinna slík störf. Þessi bönn eru hluti af pólitískri hugmyndafræði sem er vinsæl um þessar mundir og hafa því hvorki með mannréttindi né almannahagsmunum að gera.

*Þú hefur verið iðinn við að benda á að reiði almennings, svo sem í ýmsum málum varðandi hrúnið, megi ekki verða til þess að réttarkerfið bregðist sakborningum. Telur þú hættu á því í kjölfar hrunsins?*

Já, það má sjá í almennri umræðu um þessar mundir. Það eru kröfur uppi um að refsgrunuðum mönnum og þeir mega til dæmis helst hvergi vinna og eiga bara vera í gæsluvarðhaldi, o.s.frv. Reiði almennings er skiljanleg þegar áföll dynja yfir. Þá reynir á réttarríkið og ef það bregst erum við komin í gamla skrílæðið sem allir vita að er ekki til bóta. Réttarríkið er ekki sjálfgefið og það er búið að taka langan tíma að koma því á legg. Efnahagslegt áfall má



Í þakkarræðu á aðalfundinum sagði Brynjar að eiginkona sín hefði helst séð þann möguleika í formannsstörfum fyrir Lögmannafélag Íslands að hann yrði þá betur til fara og keypti sér jafnvel nýjakkaföt. Þá myndi fólk vonandi hætta henda í hann peningi ef hann tyllti sér niður á bekk í miðbænum!



ekki verða til að réttari brotni enda verða afleiðingarnar þá miklu verri eins og dæmin sanna. Bæði stjórnáamenn og fjölmiðlar eru að magna upp þessa reiði. Þetta eykur þrýstinginn á allt réttarkerfið og þess vegna er hættuástand. Það verður mikið álag á dómskerfið vegna þessa og það er ekkert sjálfgefið að við höldum haus.

*Þú hefur einnig verið óhræddur við að taka upp hanskann í fjölmiðlum fyrir þá sem eiga sér fáa málsvara, s.s. kynferðisbrotamenn?*

Já, bara alla sakaða menn. Við fáum í gegnum fjölmiðla svo nákvæma lýsingu á atburðum sem koma þannig inn í stofu til okkar og veldur almennri reiði. Þá erum við ekkert að hugsa um hvort viðkomandi er saklaus eða sekt ekki sönnuð. Við viljum bara réttlæti strax eins og gerðist í gömlu kúrekamyndunum þegar menn voru hengdir í næsta tré. Þótt við notum ekki þá aðferð núna þá er birtingarmyndin bara önnur. Mannskepnan hefur ekkert breyst.

*Hafa fjölmiðlar of mikil áhrif?*

Ég segi kannski ekki of mikil áhrif en þeir eru eðli málsins samkvæmt áhrifamiklir. Ég hef oft sagt að mér finnst fjölmiðlastéttin vera veikari nú en hún var áður og mér finnst dómsmál fá of mikið vægi í fjölmiðlum. Það er jafnvel verið að tala um mál sem eru nauðaómerkileg og eiga ekkert erindi til almennings en geta verið viðkvæm fyrir viðkomandi. Við eigum að sýna aðgát gagnvart sökuðum mönnum og ekki síst gagnvart fjölskyldum þeirra. Það er mikill pólitískur þrýstingur, til dæmis vegna kynferðisbrotamála, og alltaf verið að reyna hafa áhrif, bæði á lögreglu og dómstóla. Þá er hætta á því að gerð verði mistök.

## Lögmennastéttin afar mikilvæg

*Lítur þú á lögmennskuna sem hugsjónastarf?*

Mér finnst ég gera meira af því í seinni tíð. Þetta er afar mikilvæg stétt. Ég hef alltaf litið svo á að lögmaður sé þjónn réttarríkisins. Maður verður alltaf meira

og meira var við það hvað réttarríkið er mikilvægt fyrirbæri. Mikilvægara heldur en lögmaðurinn sem slíkur og maður er tilbúinn að berjast fyrir þessu. Við erum kannski í sömu stöðu og dómarrar - að vera þjónar réttarríkisins og passa upp á það. Verst þykir mér hvað margir stjórnáamenn eru áhugalausir um að verja réttarríkið. Það er oft þjarmað að réttarríkinu og fólki finnst það stundum vera fyrir, allavega þar til að það er sjálft sakað um eitthvað.

*Hyggst þú beita þér fyrir einhverjum sérstökum málefnum í formannstíð þinni?*

Fyrir utan að reyna að verja réttarríkið þá vil ég beita mér fyrir því að verja hagsmuni félagsmanna. Ég hef kannski mest hugsað um hvernig félagið geti þjónað félagsmönnum enn betur, það eru ýmsar hugmyndir í gangi. Ég vil til dæmis efla laganeftina en það eru að hellast yfir okkur ýmis ólög og við þurfum að spyrna við fótum. Svo eru þarna ýmis atriði sem varða hagsmuni lögmanna beint.

*Eyrún Ingadóttir*



**CREDITINFO**  
- forskot í krafti þekkingar

## Bókasafn Lögmannafélagsins formlega opnað

Árið 1991 var bókasafn Lögmannafélags Íslands formlega opnað við hátíðlega athöfn í tilefni 80 ára afmæli félagsins. Fyrsti vísir að bókasafni kom þó mun fyrir, eða í kringum árið 1960, þegar félagið fékk að gjöf bækur frá Lárusi Jóhannessyni. Síðar barst félaginu rausnarleg bókaöf frá erfingjum Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns og Jón E. Ragnarsson ánafnaði félaginu bókasafni sínu er hann lést árið 1983. Þess má svo geta að erfingjar Auðar Auðuns færðu safninu lagabækur úr safni hennar fyrir nokkrum árum.

Hugmyndir um bókasafn fyrir félagsmenn vöknudú snemma en á fundi 11. desember 1914, þremur árum eftir stofnun félagsins, hreyfði Sveinn Björnsson við þeirri hugmynd að það keypti eitthvað af lögfræðiritum sem félagsmenn hefðu afnot af. Ekki hafði félagið efni á því að sinni og dauflaga var tekið í hugmyndir um sérstakt framlag til bókakaupa þegar eftir því var leitað.

Lögmenn og lögfræðingar hafa oftsinnis fært félaginu bækur að gjöf en auk þess eru keyptar inn árlega allar íslenskar bækur sem gefnar eru út um lögfræði sem og fræðibækur pantaðar erlendis frá. Á árinu 2008-2009 var húsnæði bókasafnsins endurnýjað og þar er nú frábær aðstaða fyrir lögmenn, tvær tölvur, þráðlaust netsamband, tvær ljósritunarvélur og á þriðja þúsund bækur. Bókasafnið

er opið á skrifstofutíma en að auki geta félagsmenn fengið lánaðan lykil og notað safnið um kvöld og helgar.



Þorsteinn Pálsson, dóms- og kirkjumálaráðherra, hélt ræðu í tilefni opunar bókasafnsins. F.v. Hrafn Bragason forseti Hæstaréttar, Gestur Jónsson formaður LMFÍ og Þorsteinn Pálsson.

Heimild: Davíð Þór Björgvinsson: „Lögmannafélag Íslands 90 ára - söguágrip“. *Tímarit lögfræðinga* 4. hefti 2001, 263-324.

## Nemendur lagadeildar HR þjálfaðir í tæknivæddum dómsal

Lagadeild Háskólans í Reykjavík hefur formlega tekið í notkun nýja kennslustofu í húsnæði skólans við Nauthólsvík sem hönnuð er frá grunni og innréttuð sem dómsalur. Stofan þjónar m.a. þeim tilgangi að þjálfa nemendur í störfum dómara og lögmanna.

Í dómsalnum er dómaraþorð fyrir allt að fimm dómara og sæti fyrir átta lögmenn, auk ræðustóls. Hátt er til lofts og vítt til veggja og tekur salurinn um 60 áhorfendur í sæti. Í dómsalnum er fullkominn tölvubúnaður, hljóðkerfi og fjórar tökuvélur sem taka upp hljóð og mynd. Dómsalurinn er því með þeim tæknivæddustu á landinu.

Í lagadeild HR hefur verið lögð rík áhersla á að flétta inn í kennsluna lausn raunhæfra verkefna. Liður í því hefur verið að nemendur semji stefnur og greinargerðir og flytji mál fyrir dómi. Til þessa hefur lagadeildin fengið inni í Héraðsdómi Reykjavíkur og Héraðsdómi Reykjaness og notið mikils velvilja dómstjórnanna.



Með tilkomu nýja dómsalarins gefast fleiri tækifæri til að flétta hvers kyns raunhæf verkefni og málflutning enn betur inn í kennslu en gert hefur verið. Jafnframt hentar salurinn vel til hvers kyns kynninga á verkefnum og til þjálfunar í framsögn og ræðumennsku. Þá stendur laganemum til boða að nota salinn til málflutningsæfinga.

Um það bil fjögur hundruð nemendur stunda nám við lagadeild HR.

JK



Páll Hreinsson



430 lögfræðingar hlustuðu á Pál Hreinsson halda fyrirlestur um skýrslu rannsóknarnefndar.

Ljósmynd: HH

# Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis

**Aðalmálstofa Lagadagsins 2010 var helguð skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Fullt var útúr dyrum þegar Ingveldur Einarsdóttir setti málþingið formlega og fól Þórhildi Líndal fundarstjórn í málstofunni.**

Páll Hreinsson, formaður nefndarinnar, hafði framsögu og fór hann ítarlega yfir þá atburðarás í íslensku þjóðlífi sem fjallað er um skýrslu nefndarinnar. Sagði Páll að orsakir bankahrunsins haustið 2008 væri ekki að finna í þeim atburðum urðu það ár heldur í fjármögnun bankanna árin þar á undan. Rakti Páll útrás bankanna og hraðan vöxt þeirra á árunum fyrir hrun. Sagði hann að eigendur hefðu haft alltof greiðan aðgang að lánsfé og að mörkin milli hagsmuna bankanna og eigendanna hefðu verið mjög óskýr þegar á leið.

Fram kom hjá Páli að stjórnvöld hefðu þurft að grípa til aðgerða í síðasta lagi á árinu 2006 til að eiga möguleika á því að bjarga bönkunum frá falli. Gagnrýndi Páll verklag stjórnvalda á árinu 2008 eftir að vandinn var orðinn ljós og sagði að skort hefði upp á viðbúnað af hálfu þeirra. Páll sagði að vandaðri undirbúningur að setningu neyðarlaga hefði getað minnkað það tjón sem hrúnið olli

en þó ekki getað komið í veg fyrir.

Páll velti því upp hvort dómskerfið væri í stakk búið að takast á við þau verkefni sem framundan væru vegna brota sem áttu sér stað fyrir hrúnið. Sagði hann skynsamlegt að stofnaður yrði millidómstóll þar sem sætu sex dómarmenn í tveimur deildum. Slíkt væri heppilegt svo endurmeta mætti sönnunarfærslu á fyrsta dómstigi, enda hefði Hæstiréttur ekki heimild til þess. Páll sagði uppgjör fyrir dómstólum nauðsynlega forsendu fyrir því að sátta næðist í samfélaginu. Hann sagði það á ábyrgð lagasamfélagsins að beita sér í þessari umræðu.

Salvör Nordal, síðfræðingur, tók til máls á eftir Páli og fjallaði um hlutverk fagstétta í aðdraganda hrunsins og þá sérstaklega lögmannna. Hún spurði hvort fagstéttirnar hefðu staðið undir nafni og lagði út af síðreglum lögmann. „Hvar voruð þið?“ spurði Salvör fullan sal af lögmönnum, lögfræðingum og dómurum.

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, var næstur á mælendaskrá og hrósaði hann skýrsluhöfundum mjög fyrir þeirra starf. Sagði Ólafur að við blasti að meginábyrgðin lægi hjá

bönkunum sjálfum en sagði skýrsluna jafnframt áfellisdom yfir íslenska stjórnmalakerfinu. Gagnrýndi hann uppbyggingu stjórnsýslukerfisins, pólitískar embættisveitingar og umræðuhéð íslenskra stjórnmála.

Helgi I. Jónsson, dómstjóri hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, tók til máls síðastur framsögumanna. Fjallað hann um stórkvæmi álag á dómstólana í kjölfar bankahrunsins, þar sem málafjöldi í Reykjavík og á Reykjanesi hefði náð sögulegu hámarki. Sagðist Helgi ekki draga fjöður yfir það að dómskerfið yrði viðkvæmt vegna þessa álags og benti jafnframt á tillögur dómstólaráðs um eflingu á kerfinu. Helgi lét í ljós þá skoðun sína að þeir fjármunir sem lagðir væru í dómskerfið væru smámunir miðað við þá gríðarlegu hagsmuni sem í húfi væru.

Að loknum framsögum urðu fjögur pallborðsumræður. Fengu framsögumenn spurningar frá þeim Snædís Gunnlaugsdóttur, Jóni Steinari Gunnlaugssyni, Eiríki Tómassyni, Björgu Thorarensen og Kristjáni Gunnari Valdimarssyni. Fram kom hjá Páli Hreinssyni í pallborðsumræðunum að menn hefðu verið með lög og rétt eins og kalt borð – valið það sem þeir vildu.



Ljósmynd: HH

F.v. Sigurður Tómas Magnússon, Jón Þór Ólason, Svala Ólafsdóttir og Jónatan Þórmundsson.

## Glæpur og refsing

**Málstofa I bar yfirskriftina: Glæpur og refsing: Um umboðssvik, skilsvik og markaðsmisnotkun.**

Tilfnið var ærið, Hrunið sjálft og sá grunur sem vaknað hefur um stórfelld auðgunar- og efnahagsbrot af hálfu þeirra er stjórnðu fjármálastofum landsins í aðdraganda þess. Skáld, heimspækingar og aðrir hafa látið ýmis spakleg ummæli falla um lög og réttlæti. Í þeim birtist endurtekið það viðhorf að armur refsilaganna nái fyrst og fremst til þeirra sem minna mega sín, en síður til hinna sem meira eiga undir sér. Einna frægust eru ummælin um að lögin séu eins og net sem smáfiskarnir festast í, en stórfiskarnir sleppa úr. Þá má hugleiða orð Ágústusar keisara í Róm í þessu sambandi. Hann sagði: „Ríki án réttar og réttlætis er ekki annað en risavaxinn ræningjaflokkur.“

Þannig fjallaði Málstofa I um auðgunar- og efnahagsbrot í ljósi efnahagsbrunsins. Þrír valinkunnir sérfræðingar voru fengnir til leiks. Fyrst ber að nefna Jónatan Þórmundsson prófessor emeritus við lagadeild Háskóla Íslands,

en hann er að öðrum ólöstuðum, fremsti sérfræðingur okkar á sviði refsiréttar og hefur verið svo um áratuga skeið. Heilu kynslóðir íslenskra lögfræðinga haf lært refsirétt undir handarjaðri hans. Jónatan fjallaði um umboðssvik, fræðilegan grundvöll og notagildi ákvæðisins. Að erindi Jónatans loknu tók Jón Þór Ólason hdl. hjá Jónatansson & co og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, við og fjallaði um skilsvik og ýmis refsiréttarleg álitæfni í tengslum við fall efnahagskerfisins. Hann varpaði fram áleitnum spurningum er varða stöðu ákærvaldsins, dómstólanna og löggjafans, setti þær í samhengi við siðrofskenningar Durkheim og tengdi þær hruninu. Að síðustu tók Sigurður Tómas Magnússon hrl. og prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, til máls en hann hefur mikla reynslu sem dómari, sérstakur saksóknari í Baugsmálinu og ráðgjafi sérstaks sak-

sóknara. Hann fjallaði um markaðsmisnotkun og tók sérstaklega fyrir í því sambandi hvers konar brot markaðsmisnotkun væri, hvert væri gildissvið ákvæðisins og hvaða tilvik féllu undir það.

Að loknum framsöguerindum, sem tóku lengri tíma en áætlaður var samkvæmt dagskrá, var opnað fyrir spurningar og almennar umræður, en full stuttur tími gafst til skoðanaskipta um efni fyrirlestranna.

*Svala Ísfeld Ólafsdóttir, sérfræðingur við lagadeild HR.*

**BBN**  
BBA // LEGAL



Ljósmynd: HH

## Nauðasamningar

**Í málstofu II um nauðasamninga var fjallað um þau vandkvæði sem upp koma þegar stór rekstrar- eða eignarhaldsfélög leita eftir heimild til nauðasamningsumleitana og ábyrgð umsjónarmanns.**

Einnig voru kynntar fyrirhugaðar breytingar á lögum um nauðasamninga og velt upp að hvaða marki heimild til nauðasamningsumleitana sem aflað væri hér á landi nyti viðurkenningar og/ eða réttarverndar í öðrum löndum. Framsögumenn voru Ása Ólafsdóttir hrl., lektor við lagadeild Háskóla Íslands

og aðstoðarmaður dómsmála- og mannréttindaráðherra og Ólafur Eiríksson hrl. hjá LOGOS. Stjórnandi var Ragnar H. Hall, hrl. á Mörkinni, lögmannsstofu.

Ása ræddi fyrirhugaðar breytingar á lögum um nauðasamninga sem eru til komnar vegna krafna um einföldun reglna við nauðasamningsumleitunir og fljótvirkara kerfi nauðasamninga. Í breytingatillögunum er meðal annars gert ráð fyrir að fallið verði frá skilyrðum um samþykki 25% samningskröfuhafa eftir höfðatölu að frumvarpi að nauða-

samningi og nýja heimild fyrir samningskröfuhafa til að greiða atkvæði um nauðasamning í kröfulýsingu sinni. Fundargestir spurðu mikið út í fyrirhugaðar lagabreytingar og skiptar skoðanir um hvort þær væru til bóta. Ása fékk margar góðar ábendingar um það sem betur mætti fara.

Ólafur Eiríksson tók fyrir þau vandkvæði sem stærri félög stæðu fyrir er þau leituðu nauðasamninga og sagði núverandi löggjöf vera bæði götótta og ófullkomna. Ástæðan væri meðal annars sú að þegar lög um gjaldþrotaskipti voru sett árið 1991 var fyrirtækjumhverfi allt annað en í dag. Rætt var um mögulegar lagabreytingar meðal annars að teknu tilliti til þeirra reglna er sem gilda í öðrum löndum Evrópu. Ólafur fjallaði einnig um þá ábyrgð sem umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum ber og þau tilvik sem gætu skapað umsjónarmanni skaðabótaskyldu í starfi sínu.



# Arion banki



Ljósmynd: HH

## Réttarríkið á skrítnum tímum

Á málstofu III fjölluðu **Arnar Þór Jónsson, hdl. hjá Rétti og stundakennari við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, og Mikael M. Karlsson, prófessor í heimspeki við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands um réttarríkið, almennt og í ljósi hrun- sins. Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektor og deildarforseti laga- deildar Háskólans á Bifröst, var stjórnandi.**

Fjallað var um það hvort réttaröryggi einstaklinga væri eini grunnþáttur réttarríkisins og hvort réttarríkis- hugsjónin togaði í tvær ólíkar áttir þegar mikið gengi á. Ræddu fram- sögumenn um hugmyndasögulegan bakgrunn réttarríkishugtaksins og hvernig grunnhugmyndinni um samfélagssáttmálann hefði skotið upp kollinum á Íslandi í dag í tengslum við uppgjör þjóðarinnar við hrunið. Þá var í framsögum fjallað um kenningar um

samfélagssáttmálann og um réttarríkis- hugtakið, sem oft hefði óskýra merk- ingu þegar það væri notað í almennri umræðu, rétt eins og hugtök á borð við „frelsi“ og „lýðræði“. Greindu fram- sögumenn hugtakið í tvo þætti, eftir því hvort rétt væri um form eða efni lag- anna. Í fyrra tilvikinu er átt við að stjórnvöld séu bundin af lögunum og lögin til þess fallin að hafa áhrif á hegðun manna þannig að þeir geti séð fyrir sér afleiðingar hegðunar sinnar. Í seinna tilvikinu er átt við efnislegt innihald laganna, þ.e að mönnum séu tryggð tiltekin efnis- leg réttindi, s.s. friðhelgi einkalífs og verndun eigna- réttar.

Í þeim skilningi sé réttarríkið hugsjón sem ber að skoða með hliðsjón af mannréttindum og lýðræði.

Í erindum framsögumanna og umræðum á eftir, var einnig rætt um ábyrgð almennings, lögmanna og lögfræðingastéttarinnar á vexti og viðgangi réttarríkisins. Fjallað var um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem lið í uppgjöri þjóðarinnar við hrunið. Var m.a. rætt um nauðsyn þess að Íslendingar settu sér nýjan sam- félagssáttmála með nýrri stjórnarskrá sem sett yrði á stjórnlagabætur, en um það voru skiptar skoðanir á málstofunni hvort slíks væri yfirleitt þörf.

*Bryndís Hlöðversdóttir*



F.v. Stefán A. Svensson, Gylfi Magnússon, Lilja Ólafsdóttir og Kjartan Gunnarsson.

Ljósmynd: HH

# Framtíðarskipan fjármálafyrirtækja

**Í málstofu IV um framtíðarskipan fjármálafyrirtækja var einblínt á framtíðina í stað þess að dvelja um of við fortíðina.**

Framsögumenn á málstofunni voru Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri í efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Lilja Ólafsdóttir hdl. formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins og Tanya Zharov, regluvörður og framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Audi Capital. Gylfi fjallaði á almennum nótum um hvernig stjórnvöld sæju fyrir sér framtíð fjármálafyrirtækja hér á landi. Kvaðst hann meðal annars telja að íslenska bankakerfið yrði í framtíðinni minna og einfaldara í sniðum en áður. Kjartan gerði grein fyrir þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á

gildandi lögum um fjármálafyrirtæki samkvæmt frumvarpi sem lagt hafði verið fyrir Alþingi, þ.m.t. þau rök sem þjuggu að baki nýjum efnisreglum. Lilja ræddi næst um fjármálaeftirlit í framtíðinni og hvaða lærdóm mætti draga af fortíðinni. Síðast en ekki síst fjallaði Tanya um fjármálaeftirlit frá sjónarhóli eftirlitsskyldra aðila, þ.m.t. samvinnu og samskipti eftirlitsaðila og eftirlitsskyldra aðila. Framsögunum var þannig ætlað að spanna helstu viðfangsefni er tengjast framtíðarskipan fjármálafyrirtækja, þ.e. hina pólitísku stefnumörkun, regluverkið og framkvæmdina.

Að framsögunum loknum voru almennar umræður þar sem gestum, sem voru fjölmargir, gafst kostur á að beina spurningum til framsögumanna

og/eða velta upp áhugaverðum flötum á viðfangsefninu. Var ánægjulegt að þó nokkur fjöldi fundarmanna tók til máls og voru umræðurnar með liflegra móti. Meðal annars var gagnrýnin umfjöllun um lögskýringar þegar lagaákvæði á sviði fjármálagggjafar eru annars vegar. Var það mat sumra að um of væri einblínt á þrönga textaskýringu í stað markmiðs- og tilgangsskýringar. Slíkt væri til þess fallið að standa virku og árangursríku fjármálaeftirliti fyrir þrifum. Nauðsynlegt væri að gera bragabót á en að öðrum kosti væri hætt við því að fjármálafyrirtæki gætu um of skákað í skjóli formsins á kostnað efnisins. Verður vafalítið áhugavert að fylgjast með þessu í framtíðinni og hvort viðhorfsbreytinga muni gæta.

*Stefán A. Svensson, hdl.*





Ljósmynd: HH

Eyrún Guðmundsdóttir heldur erindi. F.v. Eggert Óskarsson, Hrefna Friðriksdóttir og Oddgeir Einarsson.

## Með barnið í brennidepli

**Framsögumaður á málstofu V var Hrefna Friðriksdóttir lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Í pallborði sátu Eyrún Guðmundsdóttir deildarstjóri hjá sýslumanninum í Reykjavík og Oddgeir Einarsson hdl. hjá OPUS lögmönnum. Eggert Óskarsson héraðsdómari stjórnaði málstofunni.**

Í framsöguerindi sínu fjallaði Hrefna Friðriksdóttir um fyrirhugaðar breytingar á barnalögum nr. 76/2003, en hún var formaður nefndar sem skipuð var af dóms- og kirkjumálaráðherra í desember 2008 til að fara yfir reglur barnalaga um forsjá, búsetu og umgengni. Nefndin hefur skilað ráðherra tillögum sínum að breytingum á lögum með frumvarpi og ítarlegri greinargerð. Ekki náðist að leggja frumvarpið fram á síðasta þingi. Hrefna fjallaði um helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu, s.s. að lagt er til að dómurum verði veitt heimild til þess að dæma sameiginlega forsjá, að almenn sjónarmið sem höfð hafa verið til viðmiðunar við ákvörðun um forsjá verði lögfest og að dómurum verði veitt

heimild til að leysa sérstaklega úr ágreiningi foreldra um lögheimili án þess að forsjármál sé rekið samhliða. Þá er sett fram sú tillaga að foreldrum verði gert skylt að leita sátta hjá sáttamanni áður en krafist er úrskurðar eða mál höfðað um forsjá, lögheimili eða umgengni.

Eyrún Guðmundsdóttir fjallaði um breytingar frumvarpsins eins og þær snúa að sýslumönnum en þær munu leiða til aukinnar vinnu og kostnaðar. Í því sambandi benti hún á að lagt sé til að sýslumaður geti beðið um álit sérfræðings í málefnum barna áður en hann úrskurðar um umgengni. Sú breyting horfi til samræmis hjá þeim aðilum sem ákvarða umgengni, þ.e. dómstólum og sýslumönnum. Þá ræddi hún um ráðgjöf og sáttameðferð og umgengnisrétt og fleiri nýmæli, sem í frumvarpinu er að finna.

Oddgeir Einarsson vék að heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá, sem hann taldi vera fagnaðarefni. Hann fann hins vegar að því að samkvæmt frumvarpinu sé gert ráð fyrir

auknu ákvörðunarvaldi lögheimilisforeldris og þar með sé foreldrum ekki gefið færi á því að hafa nokkurn vegin jafna stöðu eftir sambúðarslit. Taldi hann að önnur og einfaldari leið til þess að jafna stöðu foreldra væri tvöföld búseta, eins og m.a. tíðkast í Noregi. Þá fjallaði hann um sáttameðferð og benti á að tafir á úrlausn mála vegna sáttameðferðar væru andstæðar hagsmunum barnsins, einkum í sambandi við umgengismál.

Að loknum framsöguerindum fóru fram pallborðsumræður. Fjöl margar fyrirspurnir bárust frá fundarmönnum og umræður voru líflugar. Ljóst var að almennur áhugi var á fyrirhuguðum breytingum á ákvæðum barnalaga. Einkum voru það nýmælin um heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá, heimild dómara til að dæma hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili, sáttameðferð og ákvæði um umgengnisrétt, sem voru tilefni fyrirspurna og umræðna. Málstofunni lauk á tilsettum tíma að loknu stuttu yfirliti og samantekt stjórnanda.

*Eggert Óskarsson, héraðsdómari*



Ljósmynd: HH

Helga Melkorka Óttarsdóttir tók þátt í pallborðsumræðum á málstofunni

## Sjálfstæði lögmanna

**Í málstofu VI um sjálfstæði lögmanna, réttindi og skyldur var fjallað um trúnaðarskyldu lögmanna og heimildir til húsleitir og haldlagningar hjá lögmönnum við rannsókn sakamála. Einnig var rætt um sjálfstæði lögmanna sem og rétt þeirra og skyldu til að láta ekki samsama sig hagsmunum skjólstæðinga sinna.**

Framsögumaður var Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, en í pallborðsumræðum tóku þátt Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl. hjá JP lögmönnum og aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Helga Melkorka Óttarsdóttir, hdl hjá LOGOS lögmannsstofu og aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Heimir Örn

Herbertsson hrl. hjá LEX lögmannsstofu og aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík stjórnaði málstofunni.

Eiríkur lagði út frá ákvæðum 1. og 3. gr. siðareglna LMFÍ sem fjalla um skyldur lögmanna til að efla rétt og hrinda órétti og mikilvægi þess fyrir lögmenn að vera óháðir í starfi. Það væri óheppilegt þegar þeir samsömuðu sig skjólstæðingunum en meginskylda þeirra væri þó að gæta trúnaðar gagnvart þeim. Lögmáður væri sjálfstæður sérfræðingur sem kæmi að máli, óháður umbjóðandanum og hagsmunum hans. Mikilvægt væri fyrir hann að verða ekki of fjárhagslega háður umbjóðandana og í of persónulegum samskiptum. Eiríkur kom einnig inn á hvernig lögmenn tjá

sí í fjölmiðlum og ræddi um að sú skylda hvíldi á þeim að vera upplýsandi og taka þátt í umræðum í fjölmiðlum sem væri á villigötum.

Líflegar umræður urðu á málstofunni þar sem ýmis sjónarmið komu fram. Meðal annars var rætt um að lögmenn bæru sína ábyrgð á efnahagshruninu sem starfsstétt og svo hitt sjónarmiðið að lögmenn vissu ekki alltaf markmið þeirra samninga sem þeir aðstoðuðu skjólstæðinga sína að gera. Rætt var um þann aðstöðumun sem væri á þeim sem hefðu efni á að greiða fyrir lögmannaaðstoð og þeim sem hefðu það ekki og það sjónarmið kom upp að efla þyrfti ákærvaldið.

# Lagadagur að kvöldi

Að loknum málstofum brugðu lögmenn sér heim á leið, klæddust bestu fötunum og héldu á ný á Nordica hótél ásamt mökum. Þar skemmtu þeir sér fram á nótt.



F.v. Höskuldur Þórhallsson, Ragna Árnadóttir og Helgi I. Jónsson.



Rakel Eva Sævarsdóttir, Friðrik Ársælsson, Ársæll Friðriksson og Ingveldur Einarsdóttir.



F.v. Berglind Svavarsdóttir, Friðfinnur Hermannsson, Sævar Benediktsson og Ástríður Grímsdóttir.



Í fordrykknum var boðið upp á ljúffenga smárétti.



F.v. Hanna María Þórhallsdóttir, Auður Björg Jónsdóttir og Gísli V. Gonzales.



F.v. María Kristjánsdóttir, Dýrleif Kristjánsdóttir og Heimir Örn Herbertsson.



Veislustjórar kvöldsins, Bergur Ebbi Benediktsson og Jóhann Alfrið Kristinsson, fóru á kostum.

# Af Merði lögmanni

Mörður er búinn að lesa rannsóknarskýrslu Alþingis spjaldanna á milli og hefur komist að því að hann er einn örfárra manna sem ber ekki sök á Hruninu. Og eftir lestur siðferðiskaflans er ljóst að Mörður er sennilega eini maðurinn á landinu sem er ekki siðferðislegt flak. Það eru því menn eins og Mörður sem eiga byggja upp nýtt og betra Ísland. Eins og Mörður hefur alltaf sagt þarf fleiri lúða við stjórnvölinn. Þeir mega bulla hvaða vitleysu sem er. Svo er íslenska þjóðin alltaf umburðarlynd gagnvart ~~líflum~~ og fíflalátum.

Þegar lúðar bjóða sig fram eru líka önnur viðmið í gildi en hjá öðrum frambjóðendum. Í lúðaframboðum skiptir kynjahlutfall ekki máli enda eru karlmenn bara lúðar en ekki konur. Fagmennska skiptir ekki heldur máli þegar fyndnir lúðar bjóða sig fram. Íslendingar eru hvort eð er heimsmeistarar í að kjósa fólk til áhrifastarfa sem ekkert veit og ekkert kann. Mörður getur því ekki verið verri en þeir sem fyrir voru.

Mörður hefur því ákveðið að stofna flokk lúða og bjóða sig fram til næstu þingkosninga þrátt fyrir varnarorð allra sem til Marðar þekkja, hvort sem er mikið eða lítið. Mörður heldur að kjörþokki muni ekki skipta máli í hinu nýja Íslandi. Mörður var að vísu svolítið hugsí og hafði áhyggjur af því hvað hin sérstaka stétt stjórnfræðinga segði við framboðinu. Mörður hefur aldrei skilið þessi fræði og telur að þau séu ruslakista fyrir fólk sem getur ekki lært neitt sem vit er í. Svo mundi Mörður að stjórnfræðingar segja aldrei neitt annað en sem allir vita og hurfu þá áhyggjur Marðar.

Mörður hefur hins vegar talsverðar áhyggjur þegar farið verður að grafa upp fortíðina. Það er víst alltaf gert þegar einhver vogar sér í framboð. Mörður reykti hass í MH í gamla daga og var uppnefndur Möddi hasshaus. En það verður kannski horft framhjá því enda hassneysla hluti af menningu MH inga. Það hafa nefnilega einhverjir háskólakennarar í félagsfræðum fundið það upp að öll vitleysa er í lagi ef hún er hluti af menningu. Þess vegna er í lagi að skylda konur sums staðar til að klæðast flíkum sem hylja þær frá toppi til táar þótt þær drepist fyrir aldur fram úr öndunarsjúkdómum

Það sem kann að koma Merði verst í kosningabaráttunni eru smásögurnar og limrurnar sem Mörður samdi á skólaárum sínum. Mörður samdi nefnilega klámsögur og klúrar vísur á þeim tíma. Háskólakennarar og fræðimenn hafa nefnilega komist að því að í klámi og klúrum vísur felist mikil hætta fyrir íslenskt samfélag og konur sérstaklega. Það er því ekki víst að Mörður geti skýlt sér bak við það að frjálssar ástir og klúrar vísur hafi verið hluti af menningu 68 kynslóðarinnar, en Mörður tilheyrir þeirri ágætu kynslóð sem fékk allt upp í hendurnar fyrir ekki neitt. Mörður missti samt einhvern veginn af öllu sem þessi kynslóð fékk.

Kannski gæti Mörður sloppið við árásir vegna klúru vísanna ef hann kæmi út úr skápnunum. Það má nefnilega ekki ráðast að mönnum sem tilheyra minnihlutahópum. Mörður gæti haldið því fram að klúru vísurnar væri hluti af menningu þeirra sem hirst hafa í skápnunum lengi. Mörður mun sennilega samt sleppa því að fara hálfberrassaður í gleðigöngu fyrir framan alla þjóðina. Það er af fagurfræðilegum ástæðum.

\*Til fjölda ára hefur Mörður lögmaður sent vélritaða pistla sína í Lögmannablaðið í brúnu umslagi á skrifstofu félagsins. Framvegis verða pistlarnir skannaðir inn og birtir eins og þeir koma frá lögmanningnum.



Eyrún Ingadóttir

## 44% félagsmanna á námskeið vetrarins

Fögur er fjallkonan níveabrún á hörund með kolgeitarbros á vör í blóðrauðu knésíðu pilsí

Svo segir í ljóði Dags Sigurðarsonar „Þjóðhátíð“ og er látið fylgja með í tilefni þjóðhátíðardagsins um daginn. Áhugasamir geta nálgast ljóðið í heild sinni á heimasíðunni [www.ljod.is](http://www.ljod.is).

Annasömum vetri í starfsemi félagsdeildar er lokið og þátttaka lögmanna hefur verið mikil sem fyrr. Lagadagurinn 2010 tók yfir starfsemi félagsdeildar á vormánuðum en sagt er frá honum á öðrum stað í blaðinu. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til en alls sóttu 430 manns dagskrána um daginn og 340 manns um kvöldið.

### Endurmenntun

Alls voru auglýst 15 námskeið á vorönn 2010 og lauk þeim ekki fyrr en komið var fram í júní. Af þeim voru 13 haldin og tveimur aflýst vegna lítillar aðsóknar.

Alls sóttu 187 lögmenn námskeiðin á vorönn og veturinn líflegur í kennslustofu félagsins þar sem 381 lögmaður sótti námskeið frá hausti. Það er því eins og 44% félagsmanna hafi sótt námskeið veturinn 2009-2010 hjá félaginu en auðvitað komu sumir oftast en einu sinni og aðrir aldrei. Ekki má gleyma því að aðrir aðilar bjóða upp á námskeið sem lögmenn sækja og það er afar ánægjulegt til þess að vita hve lögmenn eru iðnir við að endurmennta sig.

### Námsferð

Námsferð haustsins verður farin til Tallinn í Eistlandi miðvikudaginn 22. - 27. september og hafa 35 lögmenn og fylgifyskar skráð sig til ferðar. Eins og venjulega er dagskráin samsett af skoðunarferðum, lögfræði og skemmtun, í hæfilegum kokteil en við eigum von á góðum móttökum í Eistlandi.

### Herðubreið

Ganga á Herðubreið verður farin laugardaginn 21. ágúst en um 30 manns hyggst klífa þrítugan hamarinn með hjálma á höfði. Búið er að lofa einstakri veðurbliðu og útsýni yfir landið og miðin en frásögn ferðalanga verður í næsta blaði. Hver veit nema við rekumst á fjallkonu með kolgeitarbros á vör á drottningu fjallanna!

### Golfmót sumarsins

Hin sjálfskipaða golfnefnd LMFÍ vinnur nú hörðum höndum að skipulagningu sumarsins en eins og síðustu ár verða fimm mót í boði; minningarmót um Guðmund Markússon hrl. og Ólaf Axelsson hrl, fjórleikur við lækna, endurskoðendur og tannlækna en svo endar sumarið á meistaramóti LMFÍ. Áhugasömum golfurum er bent á golflista sem undirrituð heldur utan um en þeir sem á listanum eru fá sendan póst um mótin.

Ég óska langþreyttum lögmönnum gleðilegs sumarleyfis.

### Golfhópur lögfræðinga 35 ára og yngri

Í því skyni að þetta frekar raðir yngri lögfræðinga og efla þátttöku þeirra í starfi golfnefndarinnar hefur verið ákveðið að kanna áhuga á því að stofna til sérstaks golfhóps meðal þeirra. Ákveðið var að hafa aldursbilið ekki mjög breitt, alla vega í fyrstu, og því miðað við 35 ára aldur. Líkur eru og á því að eldri lögfræðingar séu nú þegar hluti af öðrum fastmótuðum golfhópum. Hafi hins vegar aðrir lögfræðingar, sem ekki falla innan þessarar aldursafmörkunar, brennandi áhuga á að vera í hópnum þá mun það verða tekið til sérstakrar skoðunar. Hugmyndin er síðan sú að hópurinn, þá annað hvort í einu lagi eða minni hópum, t.d. innan einstakra golfklúbba, spili reglulega saman yfir sumarið. Umsjónarmaður golfhópsins er Jóhannes Eiríksson hdl. Áhugasamir eru beðnir um að senda tölvubréf í netfangið [johannes@law.is](mailto:johannes@law.is) sem allra fyrst og láta koma fram upplýsingar um kennitölu, grunnförgjöf og hvaða golfklúbbi þeir tilheyra.



Þyrí H. Steingrímsdóttir hdl., formaður FKL

## Mikil þörf fyrir Félag kvenna í lögmennsku (FKL)

### Ný stjórn FKL

Á aðalfundi FKL í mars síðastliðinn var undirrituð kosin formaður félagsins starfsárið 2010 til 2011. Auk nýs formanns voru Auður Björg Jónsdóttir hdl., Bergþóra Ingólfssdóttir hdl., Hrefna Kristín Jónsdóttir hdl. og Inga Lillý Brynjólfssdóttir hdl kosnar í stjórnina. Í varastjórn sitja Bjarnveig Eiríksdóttir hdl. og Vigdís Ósk Sveinsdóttir hdl.

### Karlastétt eða hvað?

Félag kvenna í lögmennsku var stofnað árið 2004. Í samþykktum félagsins er tilgangur þess sagður vera annars vegar

að efla samstarf og styrkja stöðu kvenna í lögmennastétt á Íslandi og hins vegar að auka áhrif og þátttöku kvenna í lögmennsku á Íslandi. Allt frá upphafi hefur nokkuð verið skeggrætt um þörf fyrir félagið innan LMFÍ, og þá ekki síður meðal kvenna en karla.

Konur í Lögmannafélagi Íslands eru nú 217 talsins og því 26% félagsmanna. Hópurinn er fjölbreyttur en 128 konur eru sjálfstætt starfandi lögmenn eða fulltrúar en 87 starfa hjá ríki, sveitarfélögum, fyrirtækjum og félagasamtökum. Tvær hafa hætt störfum. Sjá má af félagatali LMFÍ að konurnar í

stéttinni eru nokkuð öðruvísi samsettur hópur en karlarnir. Það er t.d. athyglisvert staðreynd að rúmlega helmingur kvenna í félaginu eru yngri en 40 ára á meðan um þriðjungur karlanna er á þeim aldri. Þá eru mjög fáar konur í LMFÍ eldri en 60 ára á meðan um 20% karlanna eru á þeim aldri. Lögmennastéttin er því í hugum flestra karlastétt, og það ekki að ósekju. Með góðum vilja má jafnvel halda því fram að langt fram eftir 20. öldinni hafi LMFÍ verið félag karla í lögmennsku! Sannarlega er það ekki löstur á stéttinni en ekki kostur heldur. Það er hagur allra lögmanna að stéttin sé fjölbreytt og sé samsett af báðum kynjum á breiðu aldursbili sem láti til sín taka á öllum sviðum réttarins.



F.v. Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl. og Sigríður Vilhjálmsdóttir lögfræðingur.

### Jónsmessuganga og sjósund á dagskránni ásamt fleiru

Nýrri stjórn FKL þótti einsýnt að tilefni væri til að þetta og efla hinn góða hóp kvenna í LMFÍ. Að efla hópinn innanfrá gerir hann sterkari útávið. Stjórnin ákvað því á sínum fyrsta stjórnarfundum að markmið starfsársins yrði að efla félagstengsl kvenna í LMFÍ. Er það í góðu samræmi við markmið félagsins og ætlar stjórnin sér að gera það með



Halla Tómasdóttir stjórnarformaður hélt erindi um Auði Capital fyrir 30 félaga í FKL í maí sl.

fjölbreyttum og skemmtilegum hætti. Í maímánuði var konum í stéttinni boðið á kynningarfund hjá Auði Capital sem kynnti starfsemi sína auk þess að bjóða upp á léttar veitingar. Tæplega 30 konur mættu og áttu skemmtilegan fund með forstjóra, lögfræðingi og öðrum starfsmönnum Auðar Capital. Nú þegar hefur verið auglýst jónsmessuganga á Esjuna og í ágúst mánuði verður félagskonum boðið að kynna sér sjósund undir leiðsögn vanrar sjósundkonu. Dagskrá haustsins er að taka á sig mynd en m.a. er ætlunin að skora karlana á hölm í hinu árlega fótbolta-móti LMFÍ í desember og skrá kvennalið til leiks. Spurning hvort þar falli síðasta karlavígi lögmanna. Æfingar munu hefjast á haustdögum og eru áhugasamar hvattar til að hafa samband við Ingu Lillý Brynjólfsdóttur hdl. um þátttöku (ingalilly@gmail.com). Þá er ætlunin að hefja samstarf við Félag kvenna í atvinnumennsku, halda námskeið í samvinnu við LMFÍ, njóta ljúfra veitinga í kokkteilum og fleira. Til nokkurra ára hefur verið samstarf við félög kvenna í öðrum fagstéttum (lækna, verkfræðinga o.fl.) og mun það halda áfram, auk þess sem FKL gerðist nýlega formlegur meðlimur í EWLA, European Women Lawyers Association.

## Vettvangur fyrir konur í lögmennsku

Sem fyrr segir hefur allt frá stofnun FKL verið rætt um þörf fyrir félagið innan LMFÍ, og þá ekki síður meðal kvenna en karla. Undirrituð er (augljóslega) þeirrar skoðunar að mikil þörf sé fyrir félagið sem skapar vettvang fyrir konur í lögmennsku til að sinna hugðarefnum sínum innan stéttarinnar sem utan, bæði með og án aðkomu karlanna í stéttinni. Ekki síður er mikilvægt fyrir okkur konurnar að skapa og viðhalda tengslum okkar á milli bæði við leik og starf. Vert er að hafa í huga að LMFÍ var stofnað árið 1911 en það var ekki fyrr en árið 1952 sem kona fékk málflutningsréttindi. (Til fróðleiks fyrir lesendur má geta þess að fyrsta konan í LMFÍ var Rannveig Þorsteinsdóttir hrl. (1904-1987). Hún stofnaði eigin málflutnings-skrifstofu í Reykjavík 1949, fékk réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1952 og fyrir Hæstarétti 1959. Hún var kjörin heiðursfélagi LMFÍ 1979 og er eina konan í þeim hópi). Þá er það er mat margra að konur njóti ekki sannmælis í stéttinni, t.d. þegar kemur að úthlutun þrotabúa, skipun verjanda og ákvörðun þóknunar af hálfu dómstóla. Einnig er það staðreynd að konur eru í mjög miklum minnihluta eigenda í stærri lögmennsstofum og hlutfallslega miklu



F.v. Gunnhildur Pétursdóttir hdl., Sesselja Sigurðardóttir hdl. og Auður Björg Jónsdóttir hdl.

færri konur en karlar í stéttinni eru með eigin rekstur, hvort sem er í einyrkjaformi eða í skrifstofusamstarfi. Konur í stéttinni eru heldur ekki mjög sýnilegar útávið og er t.a.m. sjaldan leitað til kvenna í stéttinni um álitsgjöf af hálfu fjölmiðla.

Að mati undirritaðrar eru það öll framangreind atriði sem gera það að verkum að þörf er fyrir Félag kvenna í lögmennsku.

*Þyri H. Steingrímsdóttir hdl., formaður*

# Leiðrétting um minnisvarða LMFÍ um Hafliða Mátsson



Minnismerkið stendur við Breiðabólstað í Vesturhópi og til stendur að lagfæra það í sumar.

Hafliði Mátsson var ekki lögsögumaður eins og fram kemur í greininni og máltækið „Dýr mundi Hafliði allur“ er

**Í 1. tbl. Lögmannablaðsins 2010 er fjallað um minnisvarða félagsins um Hafliða Mátsson á Breiðabólstað í Vesturhópi sem var reistur í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar. Hans Henning Hoff hdl. skrifaði doktorsritgerð um Hafliða og Grágás sem hann mun innan skamms verja við Háskólann í München í Þýskalandi og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.**

samkvæmt Þorgils sögu ok Hafliða eftir Skafta Þórarinssyni prest. <sup>1</sup>

Í Íslendingabók Ara fróða segir: „*Et fyrsta sumar, es Bergþórr sagði lög upp, var nýmæli þat gört, at lög skyldi skrifa á bók at Hafliða Mátssonar of vetrinn eptir að sögu ok umbráði þeira Bergþórs ok annarra spakra manna, þeira es til þess váru teknir. Skyldu þeir görva nýmæli þau öll í lögum es þeim litisk þau betri en en fornu lög.*“ Hans telur að Hafliði hafi þannig verið meðal þeirra sem tóku þátt í að endurskoða lögin og leggja til nýmæli. Ennfremur segir í greininni í 1. tbl.: „*Eins voru fleiri lög [fyrir utan Hafliðaskrá] rituð þennan vetur á Breiðabólstað, svo sem Víglóði [...]*“ Eina ítarlega heimildin, burtséð frá annálum sem nefna „lögfund“ þennan vetur, sem Hans þekkir

um lagaritunina veturinn 1117/1118 er Íslendingabók Ara fróða. Hann skrifar um þetta: „*En þat varð að framfara, at þá vas skrifaðr Víglóði og margt annat í lögum [...]*“<sup>2</sup> Þau lög sem skráð voru 1117/1118 voru nefnd einu nafni Hafliðaskrá og má gera ráð fyrir að Víglóði hafi verið hluti þeirra. Einnig bendir nafnið „Hafliðaskrá“ sterklega til þess að Hafliði áttu drjúgan þátt í því að betrubæta lögin því að annars væri ólíklegt að lögbókin væri kennd við hann ef hann var bara gestgjafi þeirra sem sáu um endurskoðun laganna. Hafliðaskráin hefur í fræðiritum verið frekar sjaldan kölluð „Bergþórslög“.

*Sturlunga saga I í útgáfu Jóns Jóhannessonar, Magnús Finnbogasonar og Kristjáns Eldjárns (1946), bls. 63(111).*

*Íslensk fornrit I, bls. 1(23 og áfram)*

## BREYTING Á FÉLAGATALI

### Ný málflytningarréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

**Bjarni G. Björgvinsson hrl.**  
Pacta ehf.

Kaupvangur 3a  
700 Egilsstaðir  
Sími: 440-7500

**Jón Ögmundsson hrl.**  
ADVEL lögfræðipjónusta  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Sími: 520-5050

**Eyvindur Sveinn Sólnes hrl.**  
Lögmenn v/Austurvöll  
Pósthússtræti 13  
101 Reykjavík  
Sími: 595-4545

**Ástríður Gísladóttir hrl.**  
Lögfræðistofa Reykjavíkur  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík  
Sími: 515-7400

**Heiðar Ásberg Atlason hrl.**  
LOGOS lögmannspjónusta  
Efstaleiti 5  
105 Reykjavík  
Sími: 540-0301

**Jón Jónsson hrl.**  
Regula lögmannsstofa  
Kauptangi 2  
700 Egilsstaðir  
Sími: 580-7900

**Pétur Örn Sverrisson hrl.**  
Landsbanki Íslands hf.  
Austurstræti 11  
155 Reykjavík  
Sími: 410-7210

**Magnús Baldursson hrl.**  
Lögmannsstofa Magnúsar  
Baldurssonar  
Engjateigi 9, 2.hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 553-4200

**Sigurður Andrés Þóroddsson hrl.**  
Lögmannsstofan Skipholti  
Bolholti 6  
105 Reykjavík  
Sími: 568-9944

### Ný málflytningarréttindi fyrir héraðsdómi.

**Antoine Jean-Fernand Victor Lochet**  
BBA/Legal  
Höfðatorgi, Höfðatúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 840-0413

**Ágúst Karl Karlsson hdl.**  
Lagastoð lögfræðipjónusta ehf.  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími: 581-1190

**Halldór Reynir Halldórsson hdl.**  
Forum lögmenn ehf.  
Aðalstræti 6  
101 Reykjavík  
Sími: 562-3939

**Halldór Oddsson hdl.**  
Rafiðnaðarsamband Íslands /  
Matvís / Stafir lífeyrissjóðir  
Stórhöfða 27  
110 Reykjavík  
Sími: 580-5287

**Jóhann Karl Hermannsson hdl.**  
Lögfræðistofa Reykjavíkur  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík  
Sími: 515-7401

**Ómar Örn Bjarnþórsson hdl.**  
ERGO lögmenn  
Smáratorgi 3  
210 Kópavogur  
Sími: 412-2800





Brynjar Níelsson hrl.

## Prófsteinn réttarríkisins

Okkur er tíðrætt á tyllidögum um réttarríkið og mikilvægi þess. Við þekkjum orðtökin eins og „saklaus uns sekt er sönnuð“ og „réttláta málsmeðferð fyrir hlutlausum dómsstóli“ o.s.frv. Allir eru sammála um mikilvægi stjórnarskrárvarinna réttinda manna gagnvart stjórnvöldum og ekkert megi slaka á í þeim efnum. En þessi lýsing virðist einungis eiga við þegar ró er í samfélaginu og pólitískt- og efnahagslegt jafnvægi þokkalegt. Ég hef stundum sagt það áður að prófsteinn réttarríkisins er þegar slíkt jafnvægi er ekki til staðar og almennt umrót er í samfélaginu. Þá hafa stundum háværir hópar og stjórnámálamenn ekki mikinn áhuga á réttarríkinu og vill það þvælast fyrir pólitískum markmiðum. Að vísu í orði kveðnu eru allir sammála um mikilvægi réttarríkisins en þýðing hugtaksins vill breytast. Réttarríkið snýst þá um réttlæti og sanngirni sem eru mjög huglæg hugtök og sitt sýnist hverjum.

Í því umróti sem íslenskt samfélag hefur verið í síðan bankahrunið varð í október 2008 er réttarríkið í hættu. Það heyrast kröfur um eignaupptöku hjá „sökudölgunum“ sem óljóst er hverjir eru og hafa ekki einu sinni verið sóttir til saka. Það eru kröfur um handtökur og að þeir sæti gæsluvarðhaldi þar til dómur gangi. Þá er gjarnan vísað til réttlætis og að öðruvísi náist ekki sátt í samfélaginu. Þótt réttarríkið hafi staðist enn áhlaup af þessu tagi hefur það bagnað enda hafa bæði stjórnámálamenn og fjölmiðlar tekið að miklu leyti undir þessar kröfur. Ástand eins og þetta er þekkt í samfélagssögu síðustu alda. Oftar en ekki hefur réttarríkið þurft að láta undan. Þá hafa tekið við þeir sem ætla að búa til nýtt og betra samfélag með réttlætið að vopni. Þær tilraunir hafa iðulega snúist í andhverfu sína.

Við þær aðstæður sem uppi eru í íslensku samfélagi í dag þurfa lögmenn og Lögmannafélag Íslands að standa

vörð um réttarríkið og láta í sér heyra. Við megum ekki bugast þótt reynt sé að gera lítið úr okkur og jafnvel haldið fram að við séum sérstakir sökudólgar Hrunsins. Í alræðisríkjum, þar sem réttarríkið á gjarnan undir högg að sækja, hafa sjálfstæð lögmannafélög verið afar mikilvæg og áhrifamikil í baráttunni fyrir réttarríkinu. Þar hafa lögmenn oft beinlínis sætt ofsóknum í þeirri viðleitni að koma á réttarríki og í baráttu fyrir almennum réttindum fólks.

Réttarríkið er ekki eitthvað sjálfsgagt fyrirbæri sem við getum gengið að sem vísu. Það þarf að styðja það og verja þegar að er sótt. Við getum heldur ekki látið reglur þess gilda stundum en vikið þeim til hliðar þegar okkur sýnist svo eða teljum það henta með vísan til réttlætissjónarmiða. Réttlæti dagsins í dag reynist oft vera óréttlæti morgundagsins

**Litla & Sprent**

Stórt verk lítið mál

Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogur | Sími 540 1800 | **prent.is**

# Purfa lögmenn að líta í eigin barm?

Þótt lögmenn hafi ekki verið tilgreindir sérstaklega í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er vert að velta því fyrir sér hvort eitthvað í störfum þeirra hafi verið gagnrýnivert. Lögmennablaðið fékk fjóra lögfræðinga til að tjá sig um það og hvaða áhrif þeir teldu hrunið eiga eftir að hafa á lögmenn, regluverk um lögmenn og störf lögmanna.



## Gleymdu því að vera „bara“ lögmenn

**Þórunn Guðmundsdóttir hrl. hjá Lex lögmennsstofu**

Við þurfum öll að líta í eigin barm. Lögmenn þurfa sérstaklega að hafa í huga 2. mgr. 8. gr. siðareglna LMFÍ: „Lögmanni ber að forðast að samkenna sig skjólstæðingi sínum...“. Á uppgangstímunum voru of margir lögmenn sem gleymdu því að þeir eru

„bara“ lögmenn, heldur fóru þeir að taka þátt í alls kyns viðskiptaævintýrum með skjólstæðingunum. Ég tel að margir lögmenn muni nú hugsa sig um tvisvar áður en þeir fallast á að taka sæti í stjórnnum fyrirtækja umbjóðenda sinna. Fram að hruni a.m.k. töldu menn sér það heldur til tekna ef þeir voru beðnir að taka sæti í stjórnnum félaga.

Þetta mun án ef breytast. Ég held að það verði algengara en áður að lögmennsstofur muni setja sér mjög strangar reglur um setu einstakra lögmanna innan stofunnar í stjórnnum fyrirtækja. Það fylgir því áhætta að taka sæti í stjórnnum og lögmenn verða að vera meira meðvitaðir um það.



## Purfum að gæta hófsemi

**Jóhannes Karl Sveinsson, hrl. hjá Landslögum**

Lögmenn þurfa alveg örugglega að líta í eigin barm. Lögmenn voru ekki undanskildir í Veislunni miklu þótt þeir stjórnðu ekki veisluhöldunum. Það talar auðvitað hver fyrir sig en maður sér betur eftir á hversu mikilvægt er að lögmenn átti sig á því, í mótlæti og meðbyr, að þeir eiga helst ekki að taka persónulega þátt í viðskiptum samhliða lögmennsstörfum að sömu málum. Við það missir maður hlutlægni og dómgreind sem ætti annars að vera það sem lögmenn hafa helst til málanna að leggja.

Það leitar líka á hugann við svona skrif að lögmenn ættu örugglega að vera óhræddari við að segja skjólstæðingum sínum sannleikann ef verkefni og viðskiptaákvæðanir eru á mörkum þess löglega eða siðlega. Lögmenn eiga ekki að gera lítið úr sér

með því að vera fánlegir til að fela eða hagræða sannleikanum, t.d. gagnvart yfirvöldum, ef hagsmunir skjólstæðinga þeirra standa til þess. Menn hafa örugglega dansað á línunni þegar sem mest gekk á.

Hrunið hafði mjög mikil áhrif á störf margra lögmanna. Fjöldi lögmanna vinnur nú að verkefnum sem eru miklu flóknari og tímafrekari en áður. Ég held að margir lögmenn myndu segja sögu af miklu meiri samskiptum við erlenda kollega. Tilefni þessa alls er auðvitað dapurlegt en hvort sem okkur líkar betur eða verr standa nú yfir nokkur stærstu skiptamál sögunnar, og öll á sama tíma á okkar litla landi. Ég held að margir jafnvel skammist sín fyrir að hafa mikið að gera þegar aðrar stéttir stríða við mikinn samdrátt. Þess vegna má búast við því að störf lögmanna verði grandskoðuð með tilliti til faglegra vinnubragða og kostnaðar. Ég held að

það sé mjög mikilvægt lögmenn gæti hófsemi. Ég held að viðfangsefnin í þessum frágangi séu nokkrum númerum of stór fyrir lögmenn eins og stjórnkerfið og dómstóla. Uppgjörið mun því vafalaust taka langan tíma og menn munu reka sig á ýmis horn.

Ég er ekki viss um að regluverkið sé gallað um lögmenn, það er kannski meira að menn þurfi alltaf að vera vakandi fyrir því að fylgja reglunum. Hagsmunaárekstrar koma til skjalanna í meira mæli en áður og þar þarf vafalaust að gera bragarbót hjá lögmennsstofum.

Þótt það sé kannski utan dagskrár þá má minnst á það í lokin að lögmenn hafa verið frekar feimnir í þjóðfélagssumræðunni. Tilefnin til að leggja orð í belg eru þó fjölmörg að manni finnst.



## Faglegt sjálfstæði lögmannna

**Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Íslands og doktorsnemi við lagadeild Háskóla Íslands**

Ritið

„Leyndardómar fjármagnsins“  
eftir hinn kunna

perúska hagfræðing Hernando de Soto lýsir m.a. ástæðum og orsökum þess að réttarríki sé grundvallarforsenda þess að kapitalismi getur yfirhöfuð þrífist og gengið upp. Það er mat de Soto að í skjóli réttarríkisins geti markaðs-samfélagið leyst mikilvæga krafta úr læðingi en séu verulegar veilur í réttarkerfum þá muni slíkar lausnir ekki virka til að vernda hagsmunum heildarinnar. Með tilliti til þessara grundvallaratriða tel ég að íslenska réttarkerfið hafi fyrir hrun verið of vanburða til að fást við ýmis flókin álitamál, m.a. þau sem vörðuðu háttsemi eigenda og stjórnenda íslenskra stórfyrirtækja. Störf lögmannna

skipta í þessu sambandi máli.

Það liggur augum uppi að þeir sem reka viðamikil fyrirtæki leita ráðgjafar hjá lögmonnum sem geta haft mikið um það að segja hvort einstök viðskipti gangi í gegn. Hér er þýðingarmikið að lögmaður haldi faglegu sjálfstæði sínu og geti ráðið umbjóðanda sínum heilt. Séu hins vegar fjárhagslegir og aðrir hagsmunir lögmannsins orðnir svo nátengdir þeim sem ráðgjöfina þiggur, þá er hætta jafnan á ferðum. Almanna-hagsmunir geta þá verið fyrir borð bornir. Upp geta komið t.d. aðstæður þar sem starfshættir lögmannna og annarra lögfræðinga beinlínis yta undir að aðilar á markaði hafi ekki jafnan aðgang að mikilvægum verðmyndandi upplýsingum.

Það er flókið að meta hver sé ábyrgð

lögmannna á orsökum og afleiðingum efnahagshrunsins, m.a. vegna þess að lögmennt geta ekki gert að því þegar umbjóðendur þeirra hunsu lögfræðilega ráðgjöf. Á hinn bóginn hlýtur að vera ljóst að starfsstéttir á borð við lögfræðinga og endurskoðendur verða að endurmeta sín vinnubrögð að einhverju marki, ekki bara á Íslandi heldur einnig annars staðar. Að mínu mati er sérstaklega þýðingarmikið að þetta endurmat fari fram hér á landi, m.a. vegna þess að ef þessar starfsstéttir átta sig ekki á því hlutverki sem þær léku fyrir hrun, er t.d. vandséð hvernig hægt er í framtíðinni að koma á skilvirkum markaði með ýmis verðbréf, m.a. hlutabréf. Ég hvet til virkrar umræðu um þetta efni á meðal lögfræðinga. Orð eru til alls fyrst.



## Enginn afsláttur á siðareglum

**Hildur Friðleifsdóttir, hdl. útibússtjóri Landsbankanum:**

Störf lög-  
manna eru marg-  
slungin og oft á  
tíðum flókin. Það

á bæði við um störf sjálfstætt starfandi lögmannna og lögmannna sem starfa á ábyrgð vinnuveitanda. Lögmanns-réttindi eru persónubundin réttindi. Lögmennt skulu starfa skv. lögum um lögmennt nr. 77/1998 og siðareglum (Codex Ethicus). Siðareglurnar hafa sætt endurskoðun reglulega og þær sem í gildi eru nú voru samþykktar á aðalfundi LMFÍ 17. mars 2000. Í hinni mikilvægu 3. gr. siðareglunnar segir: „Lögmaður skal vera óháður í starfi og standa vörð um sjálfstæði lögmannastéttarinnar. Lögmaður skal ekki láta óviðkomandi hagsmunum, hvort heldur eigin eða annarra, hafa áhrif á ráðgjöf sína, meðferð máls fyrir stjórnvaldi eða dómi eða á annað það, sem lögmaður vinnur í þágu skjólstæðings síns.

Lögmaður ræður því sjálfur, hvort hann tekur að sér verk eða ekki, nema lög bjóði annað“. Í kjölfar rannsóknarskýrslunnar er eðlilegt að spyrja hvort þessi siðaregla hafi alltaf verið í hávegum höfð í störfum lögmannna.

Ljóst er að lögmennt hafa komið með einum eða öðrum hætti að samningum og ákvörðunum og einnig setið í stjórnnum stofnana og félaga sem til umfjöllunar voru í rannsóknarskýrslunni og sættu gagnrýni. Því er eðlilegt að spyrja hvort lögmennt hafi verið óháðir í störfum sínum og staðið vörð um sjálfstæði lögmannastéttarinnar og hvort það fari saman við almenn störf lögmannna að taka að sér stjórnarformennsku, stjórnarsetu og/eða framkvæmdastjórn eða vera með prókúruumboð í félagi eða félögum skjólstæðinga sinna.

Það var ekki óalgengt fyrir Hrunið að lögmennt væru stjórnarmennt í

félögum skjólstæðinga sinna, jafnvel eini stjórnarmaðurinn. Oft voru þetta fjárfestingafélög en eðli málsins samkvæmt hafa lögmennt ekki stjórn á slíkum félögum enda skjólstæðingarnir jafnan eigendur þeirra og oft einnig prókúruhafar. Það er áhyggjuefni að lögmennt taki að sér slík störf og hætta getur verið á að þeir hafi ekki raunverulega stjórn á félaginu en sæti engu að síður fjárhagslegri ábyrgð og refsíábyrgð sem stjórnarmennt/framkvæmdastjórnar samkvæmt lögum. Það má því leiða að því rök að stjórnarseta/framkvæmdastjórn lögmannna í félögum skjólstæðinga samrýmist illa ákvæði 3. gr. siðareglunnar.

Lögmennt í bönkum, fyrirtækjum, félögum og stofnunum starfa á ábyrgð vinnuveitanda sinna. Þótt aðstaða þeirra sé önnur en sjálfstætt starfandi lögmannna er þeim ekki veittur neinn afsláttur í siðareglunum. Nú er meiri

þörf en nokkru sinni fyrir að lögmennt, jafnt sjálfstætt starfandi sem aðrir, liti í eigin barm við störf sín.

Hrunið mun vafalaust hafa marg-  
visleg áhrif á lögmennt. Eins og aðrir  
tóku lögmennt margir hverjir  
myntkórfulán og áttu hlutabréf og  
skuldabréf sem urðu að engu. Líklegt er  
að margir lögmennt jafnt sem aðrir verði  
í vandræðum með að greiða af slíkum

lánum að óbreyttu. Nú er svo í lögum  
að lögmaður sem úrskurðaður er  
gjaldþrota missir lögmannsréttindin.  
Flestir sjálfstætt starfandi lögmennt eru  
nú með rekstur stofu sinnar í félagi,  
sem er umhugsunarvert. Velta má upp  
þeirri spurningu hvort eðlilegt sé að  
lögmaður haldi lögmannsréttindum  
sínnum eins og ekkert hafi í skorist ef  
félagið utan um rekstur stofunnar

verður gjaldþrota.

Ekki er ólíklegt að lög og reglur um  
lögmennt verði endurskoðuð á næstunni  
og eðlilegt að LMFÍ hafi frumkvæði að  
því. Margt er hægt að læra af því sem  
gerðist í aðdraganda Hrunsins. Það er  
sennilega mikilvægara nú en nokkru  
sinni fyrir að lögmennt standi vörð um  
sjálfstæði sitt í störfum.

## BREYTING Á FÉLAGATALI

### Ný málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

#### Sölvi Davíðsson hdl.

Lagastoð lögfræðipjónusta  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími: 581-1190

#### Konráð Jónsson hdl.

Opus lögmennt ehf.  
Austurstræti 17  
101 Reykjavík  
Sími: 552-2299

#### Aðalheiður Helgadóttir hdl.

Borgarlögmennt  
Suðurlandsbraut 6, 4.hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 533-1330

#### Arnþjófur Ástvaldsson hdl.

Skilanevnd Landsbanka Íslands  
Austurstræti 16  
155 Reykjavík  
Sími: 410-3945

#### Guðmundur Jónsson hdl.

JÁS Lögmennt  
Drangshlíð 1  
861 Hvolsvöllur  
Sími: 615-1584

#### Bragi Rúnar Axelsson hdl.

Innheimtustofnun  
sveitarfélaga  
Lágmúla 9  
125 Reykjavík  
Sími: 590-7100

#### Almar Þór Möller hdl.

Mörkin lögmannsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík  
Sími: 414-4100

#### Bragi Dór Hafþórsson hdl.

Lögmennt Laugardal  
Síðumúla 9  
108 Reykjavík  
Sími: 533-4850

#### Róbert Þröstur Skarphéðinsson hdl.

Lögfræðistofa Guðmundar B.  
Ólafssonar ehf.  
Barónsstíg 21  
101 Reykjavík  
Sími: 511-1800

#### Helga María Pálsdóttir hdl.

Embla lögmennt  
Lágmúla 5  
105 Reykjavík  
Sími: 534-2610

#### Daníel Pálmason hdl.

Regula lögmannsstofa ehf.  
Borgartúni 28  
105 Reykjavík  
Sími: 580-7900

#### Karl Jónsson hdl.

Háabergi 3  
220 Hafnarfjörður  
Sími: 896-2822

#### Eva B. Sólán Hannesdóttir hdl.

NBI hf.  
Hafnarstræti 6  
101 Reykjavík  
Sími: 410-3039

#### Ágúst Karl Guðmundsson hdl.

KPMG hf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími: 545-6152

#### Margrét Anna Einarsdóttir hdl.

LOGOS lögmannspjónusta  
Efstaleiti 5, 103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

#### Arndís Anna K. Gunnarsdóttir hdl.

LEX lögmannsstofa  
Borgartúni 26, 105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

#### Þórarinn Ingi Ólafsson hdl.

Arion banki  
Borgartúni 19, 108 Reykjavík  
Sími: 856-7194

#### Páll Eiríkur Kristinsson hdl.

Fulltingi, slysa- og  
skaðabótamál  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Sími: 533-2050

#### Trausti Ágúst Hermannsson hdl.

Lögmannsstofa  
Vestmannaeyja  
Kirkjuvegi 23  
900 Vestmannaeyjar  
Sími: 488-1600

#### Steinbergur Finnbogason hdl.

Jurist ráðgjafar Garðastræti ehf.  
Garðastræti 36  
101 Reykjavík  
Sími: 527-3090

#### Davíð Ingi Jónsson hdl.

Eimskip  
Korngarðar 2  
104 Reykjavík  
Sími: 525-7800

#### Sigurður Árnason hdl.

Arion banki hf.  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-7122

### Nýr vinnustaður

#### Stefán Bogi Sveinsson hdl.

JR.St. Lögmennt  
Miðvangi 1  
700 Egilsstaðir  
Sími: 551-6412

#### Sigurður Valgeir Guðjónsson hdl.

ADVEL fyrirtækja- og  
fjármálagöfræði  
Suðurlandsbraut 18  
Sími: 520-2050  
108 Reykjavík

#### Björgvín Halldór Björnsson

ERGO lögmennt  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogur  
Sími: 412-2800

#### Birkir Jóhannsson hdl.

Arion banki  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-6809

#### Ólafur Kristinsson hdl.

KE-Legal slf.  
Kringlunni 7, 6.hæð  
103 Reykjavík  
Sími: 898-7910

#### Birgir Birgisson hdl.

Seðlabanki Íslands  
Kalkofnsvegi 1  
150 Reykjavík  
Sími: 569-9711

### Nýtt aðsetur

#### Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

Logia ehf.  
Laugavegur 182  
105 Reykjavík  
Sími: 860-2101

#### Þórarinn V. Þórarinnsson hrl.

Advocatus slf.  
Nóatúni 17  
105 Reykjavík  
Sími: 533-3338

#### Jóhannes Sigurðsson hrl.

Aktis lögmannsstofa ehf.  
Bankastræti 5  
101 Reykjavík  
Sími: 414-3051

#### Lögmannsstofan Vitastig

Þórarinn Jónsson hdl.  
Hæðasmára 6  
201 Kópavogur  
Sími: 562-1160

# Flutti erindi á IBA-fundi

**Nýverið tók Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ, þátt í málstofu á fundi International Bar Association, um hlutverk lögmannafélaga þegar hrun verður í samfélaginu. Erindi Ingimars hét „The role of Bar Associations in responding to a crisis in the jurisdiction“ en auk hans hélt lögmaður frá Haítí erindi um þau vandamál sem réttarkerfið þar glímur við eftir algjört hrun í kjölfar jarðskjálftanna í janúar síðastliðnum. Að loknum framsögum voru umræður sem lögmenn alls staðar að úr heiminum tóku þátt.**

*Hvernig kom til að þú hélt þetta erindi?*  
IBA, líkt og önnur alþjóðleg samtök lögmanna fylgjast mjög vel með þróun mála og þáttum sem hafa eða haft geta áhrif á starfsumhverfi lögmanna. Í ljósi þeirra atburða sem áttu sér stað hér á landi í kjölfar hruns íslensku bankanna hefur sviðsljósið því beinst að íslenskum lögmönnum og áhrifum hrunsins á störf þeirra og eftir atvikum lögmannafélagsins. Þessi áhugi hefur m.a. komið fram í umfjöllun erlendra fagtímarita um efnið, þar sem m.a. hafa birtst viðtöl við íslenska lögmenn og lögfræðinga. Anne Ramberg, frá Svíþjóð, sem situr í framkvæmdastjórn IBA fékk mig til að taka þátt í þessari málstofu eftir að ákvörðun lá fyrir um að setja það á dagskrá fundarins. Ég var reyndar upphaflega aðeins fenginn til að taka þátt í pallborðsumræðum um efnið, en var síðar beðinn um að vera annar af tveimur framsögumönnum málstofunnar. Með sama hætti hefur IBA fylgst vel með stöðu lögmanna á Haítí eftir náttúrhamfarirnar þar í byrjun þessa árs, þar sem segja má að allar meginstöðir samfélagsins hafi hrunið í einni svipan.

*Hvert var umfjöllunarefnið?*

Viðfangsefni þessar málstofu var hlutverk lögmannafélaga þegar meiriháttar áföll eiga sér stað í samfélaginu og í

þessu tilviki með sérstakri áherslu á afleiðingar efnahagshruns annars vegar og náttúrhamfara hins vegar. Nálgun mín á þetta efni snéri að mestu leyti að hlutverki Lögmannafélags Íslands við að tryggja grundvöll réttarríkisins, sem gjarnan vill fjara undan í kjölfar samfélagsáfalla, af hvaða toga sem þau kunna að vera. Þarna eru ýmsir þættir undir, eins og t.d. trúnaðarskylda lögmanna, sem atлага var gerð að við undirbúning setningu laga um rannsókn hrunsins, aðgengi almennings að dómstólum, m.a. í ljósi aukinna takmarkana á gjafsóknarheimildum, hækkun dómsmálagjalda, lækkun þóknana til verjenda og réttargæslumanna, auk þess sem ég fjallaði um viðbrögð félagsins við auknu álagi á dómstólana og hugsanlegum afleiðingum þess í ljósi ónógra aðgerða stjórnvalda til að efla dómskerfið.

*Tóku margir lögmenn þátt í umræðum að loknum erindum?*

Já, menn voru töluvert forvitnir um stöðu mála og þá þróun sem átt hefur sér stað hér á landi frá hruninu. Flestir þátttakenda virtust hafa fylgst nokkuð vel með þeirri atburðarás sem hér varð í kjölfar hrunsins og veltu m.a. fyrir sér hverju hafi verið um að kenna og hverjir bæru ábyrgð á því. Einnig voru menn áhugasamir um áhrif hrunsins á lögmennastéttina, en ólíkt efnahagssamdrætti eða hruni víðast hvar annars staðar, hafa áhrifin t.d. ekki komið fram í auknu atvinnuleysi meðal lögmanna og lögfræðinga hér á landi, a.m.k. ekki enn sem komið er, þrátt fyrir mikla fjölgun lögmanna undanfarin ár. Þá voru fundarmenn með nokkrar áhuga

verðar hugmyndir um hvernig vinna mætti úr þeim gríðarlega fjölda mála í tengslum við hrunið, sem þegar hefur verið skotið til dómstóla eða koma til með að enda fyrir íslenskum dómstólum. Annars voru fundarmenn nánast álíka forvitnir um gosið í Eyjafjallajökli



og málefni íslenskra lögmanna í kjölfar hruns og veltu fyrir sér áhrifum gossins á íslenskt samfélag.


*Nú var fulltrúi lögmannafélagsins á Haítí einnig með ræðu, hver eru helstu vandamálin sem þeir glíma við eftir skjálftana?*

Já, formaður lögmannafélagsins í Port-au-Prince var hinn frummælandinn í þessari málstofu og það var áhrifamikil lýsing sem hann gaf á stöðu mála á Haítí. Ekki aðeins að stór hluti þeirra bygginga sem hýstu skrifstofur saksóknara, dómstóla landsins og lögmennsstofur hafi að mestu hrunið í jarðskjálftunum, heldur voru fjölmargir dómáramar, embættismenn, lögmenn og aðrar starfsstéttir tengdar réttarkerfinu, meðal þeirra tæplega 300.000 manna sem létust í hamförunum. Einnig eyðilögðust ógrynni málsskjala og annarra upplýsinga. Ljóst er að verkefnið er gríðarlega umfangsmikið og mun sjálfsagt taka ár ef ekki áratugi að koma réttarkerfinu í fyrra horf, þrátt fyrir að fjölmörg erlend ríki og lögmannafélög hafi boðið fram aðstoð sína við uppbyggingu þess.

Auk náns samstarfs við norrænu lögmannafélögin er LMFÍ er aðili að CCBE, Council of Bars and Law Societies of Europe, og IBA, International Bar Association, alþjóðlegum samtökum lögmanna.


# Enn fjölgar félagsmönnum í LMFÍ

Enn fjölgar félagsmönnum í Lögmannafélagi Íslands og eru þeir nú orðnir 847 talsins. Af þeim eru héraðsdómslögmennt 577 og hæstaréttarlögmennt 270. Alls eru 386 lögmennt sjálfstætt starfandi og 164 lögmennt fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Innanhússlögmennt hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum eru 258 talsins, þar af 83 hjá ríki eða sveitarfélögum og 175 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmanna sem ekki stundar lögmannsstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum er 39 talsins.




Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

Af félagsmönnum í Lögmannafélaginu eru 217 konur. Þar af eru 31 hæstaréttarlögmennt. Sjálfstætt starfandi konur í lögmannsstétt eru 71 talsins og 57 starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 87 konur sem innanhússlögmennt, þar af 33 hjá ríki eða sveitarfélögum og 54 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Loks eru 2 kvenkyns lögmennt hættir störfum.




Grafið sýnir fjölgun félagsmanna í Lögmannafélagi á tímabilinu 2000-2010.

Konum hefur fjölgað jafn og þétt undanfarin ár og er hlutfall þeirra af heildarfjölda félagsmanna komið í 25,6%, samborið við 15,1% árið 2010.




Grafið sýnir þróun kynjahlutfalls félagsmanna í Lögmannafélaginu á tímabilinu 2000-2010.

Af félagsmönnum eru 630 karlar, þar af er 239 hæstaréttarlögmennt. Af þessum 630 körlum eru 315 sjálfstætt starfandi og 107 starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. 172 karlar starfa sem innanhússlögmennt hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 50 hjá ríki eða sveitarfélögum og 122 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum. Þá eru 36 karlkyns lögmennt hættir störfum.



Skipting (%) kvenkyns félagsmanna í LMF í eftir því hvar þeir starfa.




Skipting (%) karlkyns félagsmanna í LMF í eftir því hvar þeir starfa.


Sé aldrudreifing félagsmanna skoðuð, kemur í ljós að hlutfall kvenna er hæst meðal yngstu kynslóðar lögmanna. Þannig eru 83% kvenkyns lögmanna 49 ára eða yngri en hlutfall karlkyns lögmanna undir 49 ára aldri er 61%. Sé þetta brotið niður eftir því hvar félagsmenn starfa, kemur í ljós athyglisverður munur milli kynjanna. Þannig eru 43% karla undir 49 ára aldri sjálfstætt starfandi en aðeins 27% kvenna. Hlutfall karlkyns lögmanna 49 ára og yngri sem starfa sem fulltrúar á lögmennstofum er 25% en hlutfall kvenkyns lögmanna á sama aldrarsbili er 30%. Þá er hlutfall innanhúslögmanna miðað við sömu aldrarsforsendur 33% hjá körlum en 43% hjá konum.

Þegar sambærileg skipting er skoðuð milli þeirra sem eru 50 ára og eldri kemur í ljós að munurinn milli kynja er minni. Þannig er hlutfall sjálfstætt starfandi karlkyns og kvenkyns lögmanna í þessum aldrarhópi það sama eða 61%. Hlutfall þeirra sem starfa sem fulltrúar lögmanna er 8% hjá körlum en 5% hjá konum. Töluvert meiri munur er á hlutfalli kynjanna þegar kemur að innanhússlögmönnum í þessum aldrarhópi, en 19% karlkyns lögmanna í þessum hópi starfa sem slíkir á móti 25% kvenna.


*Ingimar Ingason*



Grafið sýnir aldurshlutfall (%) lögmanna eftir kynjum, þ.e. hlutfallslega skiptingu á tilteknum aldrarskeiðum.



Grafið hér að ofan sýnir aldrudreifingu karlkyns lögmanna eftir því hvar þeir starfa.



Grafið hér að ofan sýnir aldrudreifingu kvenkyns lögmanna eftir því hvar þeir starfa.



# VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA  
SUDURLANDSBRAUT 4A  
108 REYKJAVÍK  
[www.tcm.is](http://www.tcm.is)